# FRÉTTABLAÐIÐ

204. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 30. ÁGÚST 2018




## Háspenna á fullum velli

Uppselt er á HM-leik Íslands og Þýskalands. Þetta er í fyrsta sinn sem miðar seljast upp á leik liðsins. „Frábært fyrir íslenskar íþróttir,“ segir Glódís Perla Viggósdóttir landsliðskona. Sigur kemur liðinu í lokakeppni HM. Sjá síðu 18

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Lögreglulaust þegar gagnaver var rænt

**Nóttina sem brotist var inn í gagnaver í Borgarnesi og töluverðu magni tölvubúnaðar stolið var enginn lögreglumaður á vakt í bænum. Ránið var framið hálftíma eftir að vakt lögreglumanna lauk. Líklega engin tilviljun. Sólarhringsvaktir urðu fjársvelti að bráð.**

**LÖGGÆSLA** Þegar umtalsverðu magni af tölvubúnaði var stolið úr gagnaveri í Borgarnesi aðfaranótt 15. desember síðastliðins var enginn lögreglumaður á vakt í bænum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins töldu lögreglumenn líklegt að þjófarnir hefðu sætt færi fram eftir nóttu, vitandi það að á ákveðnum tímapunkti um nóttina yrði lögreglulaust á svæðinu og aðeins lögreglumaður á bakvakt til taks. Hátt settur lögreglumaður sem kom að rannsókn stóru gagnaversránanna segir í samtali við Fréttablaðið að ekki sé hægt að útiloka þetta, svo svara ekki nema þeir séu ræstir út. Þetta er það sem við myndum vilja sjá breytingu á en það ekki fjármagn í þetta,“ segir Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri á Vesturlandi og formaður Lögreglustjórafélags Íslands. Sýnileiki lögreglu í umdæminu sé því aðeins hluta úr sólarhring.

„Þegar lögreglumenn eru á bakvakt eru þeir bara heima í rúmi og svara ekki nema þeir séu ræstir út.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leið aðeins um hálftími frá því að vakt lögreglumanna í Borgarnesi lauk, klukkan tvö þessa umræddu nótt, þar til þjófarnir létu til skarar skríða, brutust inn og tóku tölvubúnaðinn. Um það hafi verið rætt meðal lögreglumanna þá að það gæti varla hafa verið tilviljun.

Óvíst er auðvitað hversu miklu viðvera eða sýnileiki lögreglu á vakt hefði breytt í þessu tiltekna máli. En það er þó birtingarmynd þess vanda sem lögreglumenn hafa bent á lengi. Að ekki sé hægt að manna stöður sem skyldi sökum fjársveltis.

> Þetta er það sem við myndum vilja sjá breytingu á en það er ekki fjármagn í þetta.
>
> Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri á Vesturlandi



Eins og Fréttablaðið greindi fyrst frá í vikunni hafa sjö manns verið ákærðir í þessu umfangsmesta þjófnaðarmáli síðari ára hér á landi þar sem 600 öflugum Bitcoin-leitarvélum var stolið úr þremur gagnaverum, í Borgarbyggð og á Reykjanesi. Verðmæti vélanna hleypur á hundruðum milljóna. Þær hafa ekki enn fundist.

– smj / sjá síðu 4

## Hús Fjallsins á nauðungaruppboð

**DÓMSMÁL** Hús Hafþórs Júlíusar Björnssonar verður boðið upp á nauðungaruppboði að kröfu fyrrverandi sambýliskonu hans.

Þar sem Hafþór vildi hvorki kaupa hlut konunnar í húsinu né ganga til samninga við hana, eftir að sambúð þeirra lauk í fyrra, óskaði hún eftir nauðungarsölu á húsinu til að ná fram slitum á óskiptri sameign þeirra. Hún á 20 prósenta hlut í húsinu á móti 80 prósentum Hafþórs.

Í beiðninni kemur fram að eignin hafi verið metin og hlutur konunnar nemi 6,7 milljónum króna að teknu tilliti til áhvílandi skulda. Sýslumaður féllst á beiðni sambýliskonunnar gegn mótmælum Hafþórs sem hafnaði því að hafa neitað að kaupa konuna út. Hún þyrfti hins vegar að sýna að hún hefði með fjárframlögum eða öðrum hætti eignast hlut í fasteigninni. Sýslumaður féllst ekki á þessi sjónarmið.

Hafþór leitaði til Héraðsdóms Reykjaness til að fá ákvörðun sýslumanns hnekkt en málinu var vísað frá þar sem hinn eigandi fasteignarinnar, það er sambýliskonan fyrrverandi, veitti ekki samþykki sitt fyrir því að málið yrði borið undir dómstóla. Landsréttur staðfesti frávísun héraðsdóms nú fyrir helgi og verður eignin því boðin upp. – áa



**Hafþór Júlíus Björnsson.**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Séra Bjarni Karlsson skrifar um „nauðgunarmenningu“. 16

**SPORT** Jóhann Berg missir af leikjum Íslands gegn Sviss og Belgíu vegna meiðsla. 12

**MENNING** Sverrir Jakobsson skrifar bók um þróunarsögu hugmyndarinnar um Krist. 26

**LÍFIÐ** Hádegisverður undir 1.500 krónum fæst víða. 34




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● RÁÐSTEFNUR OG VEISLUÞJÓNUSTA**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Um hádegi verður farið að rigna sunnan- og vestanlands og getur verið allhvasst á vestanverðu landinu í kvöld. Þurrt verður norðaustanlands og hiti getur náð 16 stigum þegar best lætur. SJÁ SÍÐU 22



FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

# Holt lokað um óákveðinn tíma

**VIÐSKIPTI** Veitingastaðnum Holti á Hótel Holti var lokað á þriðjudag eftir rúmlega hálfs árs rekstur í höndum nýrra rekstraraðila. Samkvæmt upplýsingum frá Hótel Holti er óvíst hvenær hann verður opnaður aftur.

Greint var frá því í lok síðasta árs að eigendur Dill Restaurant, Kex hostels og Hótels Holts hefðu gert með sér samkomulag um veitingarekstur á Hótel Holti og var stefnt að opnun í febrúar á þessu ári. Veitingastaðurinn fékk nafnið Holt og var Ragnar Eiríksson ráðinn yfirkokkur en hann var áður yfirkokkur á Dilli.

Hótel Holt var stofnað árið 1965 og hefur síðan þá verið í eigu sömu fjölskyldunnar. Í dag er það rekið af dóttur stofnendanna, Geirlaugu Þorvaldsdóttur. – þþ

# Hættir vegna áreitnimála

**SKOTLAND** Alex Salmond, fyrrverandi formaður Skoska þjóðarflokksins og æðsti ráðherra Skotlands, er hættur í flokknum. Þetta tilkynnti hann í löngu bréfi sem hann birti í gær.

Segist hann þurfa að nýta tímann til að einbeita sér að því að verjast ásökunum um að hafa áreitt tvær konur kynferðislega í starfstíð sinni sem formaður flokksins og forsætisráðherra Skota.

Greint var fyrst frá ásökunum gegn honum á fimmtudaginn í síðustu viku. Skoska ríkisstjórnin staðfesti í kjölfarið að tvær kvartanir hefðu borist í janúar og að honum hefði verið tilkynnt um þær í mars. – la

# Húsin spretta upp



Framkvæmdir við Hafnartorg eru í fullum gangi og eru einar þær umfangsmestu í miðbænum. Sjö byggingar rísa á reitnum og verður heildarstærð um 24 þúsund fermetrar. Alls verða 76 lúxusíbúðir á svæðinu auk skrifstofu- og verslunarrýmis. Áætluð verklok eru á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Börn í Garðabæ í stofufangelsi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar enn árásarmannsins sem hefur ráðist að barnungum stúlkum í Garðabæ undanfarna daga. Skólastjóri Hofsstaðaskóla bað foreldra að hafa varann á og telur ekki rétt að börn séu ein á ferð á meðan rannsókn málsins stendur yfir.



**Þessa manns er nú leitað.**

Enginn er enn í haldi lögreglunnar vegna málsins. Lögreglan birti hins vegar í gær mynd af manni sem talið er að geti gefið mikilvægar upplýsingar um málið.

Árásirnar þrjár áttu sér allar stað við Arnarnesmýri, meðfram Gullakri og Góðakri. – sa

# Herör gegn dónaskap í ráðhúsinu í Borgarnesi

**Sveitarstjóri Borgarbyggðar segir mikilvægt að samskipti íbúa sveitarfélagsins við starfsfólk ráðhússins batni. Það gerist of oft að óbreyttir starfsmenn verði fyrir óhefluðu orðavali eða köpuryrðum í sinn garð. Nú sé mál að linni.**

**BORGARBYGGÐ** Gunnlaugur Júlíusson, sveitarstjóri Borgarbyggðar, segir samskipti íbúa við starfsfólk sveitarfélagsins of oft á neikvæðum nótum þar sem hreytt er ónotum eða köpuryrðum að starfsmönnum sveitarfélagsins við skyldustörf. Mannauðsstjóra hefur verið falið að skrá niður slík tilvik innan sveitarfélagsins.

Málið var tekið fyrir á síðasta sveitarstjórnarfundi Borgarbyggðar. Í skýrslu sveitarstjóra kemur fram að hann telji þennan samskiptamáta íbúa við starfsfólk ólíðandi. Starfsmenn í afgreiðslu, einstaklingar sem síst eiga skilið óheflaða framkomu í sinn garð, verði því oft á tíðum fyrir neikvæðum samskiptum. Nú sé kominn tími til að skoða starfsumhverfi þessara einstaklinga.

„Eitt þarf að fara sérstaklega yfir í sambandi við starfsumhverfi starfsfólks hér í ráðhúsinu. Það hefur komið of oft fyrir að starfsfólk ráðhússins verður fyrir óviðunandi framkomu einstaklinga þegar það er að sinna sínum vinnuskyldum hvort sem er að svara í símann, taka á móti erindum eða starfa á vettvangi sveitarfélagsins utandyra. Oft bitnar slíkt viðmót á þeim sem síst skyldi eins og starfsfólki í afgreiðslunni,“ segir í skýrslunni.

Gunnlaugur segir þessi samskipti ekki einskorðuð við Borgarbyggð heldur sé þetta í fleiri sveitarfélögum. „Óviðunandi framkoma gagnvart starfsfólki sveitarfélagsins er óásættanleg og á ekki að líðast,“ segir hann.

„Ég er ekkert að segja að þetta sé almennt eða viðvarandi. Þetta gerist bara of oft. Bæði verður starfsfólk



**Ráðhússstarfsmenn í Borgarnesi vilja ekki meiri dónaskap.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Óviðunandi framkoma gagnvart starfsfólki sveitarfélagsins er óásættanleg og á ekki að líðast.
>
> Gunnlaugur Júlíusson, sveitarstjóri Borgarbyggðar



fyrir óhefluðu orðavali og köpuryrðum þegar fólk sinnir erindum í ráðhúsinu en einnig þegar starfsfólk fer í úttektir og eitthvað því um líkt í sveitarfélaginu. Við þurfum að skoða þetta alvarlega.“

Með því að skrá tilvikin innan sveitarfélagsins er starfsfólki gert kleift að ræða um þessi samskipti. Markmiðið sé einnig að verja starfsumhverfi starfsfólks.

„Starfsmenn bæjarins eiga að finna það að þessi hegðun er ekki viðeigandi. Það er okkar verkefni að verja starfsumhverfi starfsmanna bæjarins. Ef við ræðum þessa hluti ekki og drögum fram það sem betur má fara þá breytist ekkert,“ bætir Gunnlaugur við. „Maður ætlast til þess að bæjarbúar séu kurteisir.“

sveinn@frettabladid.is

evapolar




Þín eigin skrifborðskæling!
Kæli-, raka- og lofthreinsitæki, allt í einu tæki.
Kynningarverð aðeins kr. 37.227 m.vsk.
Kælitækni

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA




**ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR**

# Við BERJUM niður verðið

## Ein stærsta útsala Húsasmiðjunnar hefst í dag

HREINLÆTISTÆKI 25-35% • BLÖNDUNARTÆKI 25-35% • FLÍSAR 25-40% • HARÐPARKET KAINDL 25-40%
FRYSTIKISTUR 20% • KÆLISKÁPAR 20% • FRYSTISKÁPAR 20% • RYKSUGUR 20-30%• ELDAVÉLAR 20-30%
HELLUBORÐ ELECTROLUX 20% • BÖKUNAROFNAR ELECTROLUX 20% • SMÁRAFTÆKI Í ELDHÚSIÐ 25% • OLÍUFYLLTIR RAFMAGNSOFNAR 20-35%
HÁRSNYRTITÆKI REMINGTON 25% • HNÍFAPÖR 30% • MATARSTELL 30% • GLÖS OG KÖNNUR 30% • POTTAR OG PÖNNUR 30%
PLASTBOX, GEYMSLUBOX OG KÖRFUR 25% • ÚTIVISTARFATNAÐUR 25-50% • VINNUFATNAÐUR 20%
RAFMAGNSVERKFÆRI HITACHI 20-30% • RAFMAGNSVERKFÆRI DEWALT 20% • RAFMAGNSVERKFÆRI BLACK+DECKER 25-35%
HANDVERKFÆRI STANLEY 25% • HANDVERKFÆRI NEO 25% • HILLUREKKAR 20% • GARÐVERKFÆRI HAND, RAFMAGNS OG BENSÍN 30%
SLÖNGUHJÓL OG ÚÐARAR CLABER OG VERTO 40-50% • VERKFÆRATÖSKUR 30-40% • LJÓS 25%*
ÞVOTTAHRINGSNÚRUR BLOME 50% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR 20-25% • LADY INNIMÁLNING OG LÖKK 20%
ÚTIMÁLNING 30% • VIÐARVÖRN 30% • PENSLAR OG RÚLLUR 25% ...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!

**Allt pallaefni á TAX FREE**
Fura, lerki, skjólveggir, girðingaeiningar, hattar blómapottar o.fl. Gildir einnig af vatnsklæðningu og panil

ÚTSALAN ER LÍKA Í VEFVERSLUN HUSA.IS

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ og tilboðsvörum - Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

*Gildir ekki af Hue ljósum.

# Laxeldi Arnarlax í Tálknafirði synjað um alþjóðlega gæðavottun

**FISKELDI** Neikvæð staða lífríkis á botni Tálknafjarðar, tíðni laxadauða í kvíum og umfang lúsavandans eru helstu ástæður þess að sú kynslóð sem nú er alin í laxeldi Arnarlax í Tálknafirði fær ekki ASC-vottun. Um er að ræða vottun sem fylgir ítarlegum stöðlum um sjálfbæra samfélags- og umhverfisvæna sjávarvöruframleiðslu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðasta mánuði gerði vottunaraðilinn alvarlegar athugasemdir við fjölmargt í framleiðsluferli eldisins sem uppfyllir ekki skilyrði vottunarinnar. Erlendir kaupendur eldislaxins gera margir strangar gæðakröfur og var umsókn Arnarlax um vottun hluti uppbyggingar gæðakerfis hjá fyrirtækinu.

Niðurstaða úttektar vottunaraðilans var birt 27. ágúst síðastliðinn. Af henni að dæma hefur Arnarlax bætt úr ýmsu sem gerðar voru athugasemdir við í ferlinu. Aðgerðir fyrirtækisins duga hins vegar ekki til og

> **Lífríki í nágrenni eldisins í Tálknafirði er dauflegt og fána botndýra einsleit.**

eldið fær ekki vottun, að þessu sinni. Vísað er til stöðu lífríkis í nágrenni eldisins en mælingar á súrefnisástandi botnsjávar og fjölbreytileika og magni botndýra í nágrenni eldisins, ná ekki viðmiðum þeirra staðla sem stuðst er við. Þá er tíðni óútskýrðs laxadauða of há hjá Arnarlaxi til að uppfylla skilyrði vottunaraðilans eða 22 prósent. Að lokum fer umfang lúsavandans einnig upp fyrir leyfilegt viðmið vottunar og áhrif þess á villta laxastofninn hafa ekki verið nægilega rannsökuð.

Í niðurstöðunni er þó, með vísan til viðbragða og úrbóta fyrirtækisins í vottunarferlinu, mælt með Arnarlaxi sem umsækjanda um vottun í framtíðinni.

„Við erum fullviss um að næsta kynslóð í Laugardal fái vottun,“ segir Þóra Dögg Jörundsdóttir, gæðastjóri Arnarlax, og segir synjun um vottun á þessu svæði ekki hafa áhrif á fyrirhugaðar umsóknir um vottun fyrir önnur eldissvæði.

„Þó fiskurinn í Laugardal standist ekki vottun, það er framleiðslan sem þar er núna, þá er vottunaraðili að segja í þessari samantekt að ferlar og rekstur Arnarlax séu í samræmi við kröfur í ASC-staðlinum,“ segir Þóra. **– aá**

## BYGG hagnast um 1,4 milljarða

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Byggingarfélags Gylfa og Gunnars (BYGG) jókst um þriðjung á milli ára og var um 1,4 milljarðar króna í fyrra. Veltan dróst saman um tvö prósent á milli ára og var 10,5 milljarðar króna.

Gylfi Ómar Héðinsson og Gunnar Þorláksson eiga BYGG. **– hvj**

## HB Grandi tapar

**VIÐSKIPTI** „Taprekstur á HB Granda á öðrum ársfjórðungi er óviðunandi,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri fyrirtækisins í tilkynningu. Í henni kemur fram að HB Grandi tapaði 252 þúsundum evra á öðrum ársfjórðungi, jafnvirði um 31,5 milljóna króna. „Skýringar eru meðal annars hátt gengi íslensku krónunnar sem dró úr arðsemi fiskvinnslunnar.“ **- gar**

## Tekjur Sýnar upp um 61%

**VIÐSKIPTI** Sýn tapaði fjórum milljónum króna á öðrum ársfjórðungi samanborið við 239 milljóna króna hagnað í fyrra. Rekstrarkostnaður hækkaði um tæp 65 prósent á milli ára. Tekjur Sýnar jukust hins vegar um 61 prósent á milli ára. Þær námu 5.444 milljónum á öðrum ársfjórðungi samanborið við 3.386 milljónir 2017. **– þfh**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Lögreglumenn þurfa að reiða sig á lukkuna á hverri vakt

**Mönnun er vandamál hringinn í kringum landið og stjórnvöld þurfa að huga að öryggisstiginu, segir lögreglustjórinn á Vesturlandi og formaður Lögreglustjórafélags Íslands. Hann segir stöðuna þannig að lukkan þurfi að vera með lögreglunni í liði þegar kemur að útköllum. Tvö á sama tíma setji stöðvar í vandræði.**

**LÖGGÆSLA** „Ég er með einn lögreglumann á útkallsvakt í Borgarnesi frá klukkan 7 á morgnana til klukkan 14 á daginn. Tvo á Akranesi. Þetta er allur burðurinn frá 7–14. Það er bara tilkomið vegna þess að það er ekki til fjármagn til að halda úti að lágmarki tveimur mönnum,“ segir Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri á Vesturlandi og formaður Lögreglustjórafélags Íslands, um stöðu löggæslumála í umdæminu.

„Kannski er það lukkan sem hjálpar til, að það séu ekki mörg útköll á sama tíma hjá embættinu. Ef það koma tvö útköll á sama tíma, þá erum við í vandræðum.“

Úlfar kveðst ekki geta tjáð sig sérstaklega um gagnaversmálið en staðfestir að í Borgarnesi sé ekki næturvakt nema að hluta. Byrjað hafi verið með sólarhringsvaktir þar í janúar 2015 en í dag sé bakvaktarfyrirkomulag þar en sólarhringsvakt á Akranesi. Sýnileiki lögreglunnar á suðursvæði umdæmisins sé því ekki nema hluta úr sólarhring.

Úlfar segir sömu sögu að segja hjá kollegum sínum. Mönnun sé vandamál hringinn í kringum landið.

„Skilaboð lögreglustjóra til stjórnvalda, ríkisstjórnar, er að huga að öryggisstiginu. Í okkar huga er ekki flókið að komast að niðurstöðu um hversu margir lögreglumenn eigi að vera í útkallsliði lögreglu á hverjum stað. Vandamál lögreglunnar í dag er fyrst og fremst útkallslið lögreglu. Þeir sem sinna þurfa neyðarútköllum. Það er samfélagsleg krafa að hún sé alltaf í lagi. Ef krafan á flestum þéttbýlisstöðum



Byggingin í Borgarnesi þar sem brotist var inn um nótt í eitt húsbilið til að stela tölvum úr gagnaveri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

á að vera að lögreglan sé komin á staðinn innan ákveðins tíma þá er þetta mjög brothætt. Ástandið myndi ég segja skelfilegt á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Því miður.“

Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra vakti hörð viðbrögð meðal lögreglumanna þegar hún lýsti því yfir í fréttum Stöðvar 2 að lögreglan hefði nægt fé til að tryggja réttaröryggi hér á landi og að raunar hefði aldrei verið sett meira fé í löggæsluna en nú. Lögreglustjórar og lögreglufólk hefur verið á öndverðum meiði við ráðherrann. Sigríður vildi meina að fjármagnið væri til staðar og aðeins þyrfti að koma til forgangsröðunar hjá lögreglustjórunum.

„Það er ekkert verið að bruðla innan lögreglunnar. Þetta er dýr rekstur og ófyrirséður. Það kostar að hafa hlutina í lagi,“ segir Úlfar.

**mikael@frettabladid.is**

> **Það er ekki til fjármagn til að halda úti að lágmarki tveimur mönnum.**
>
> Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri lögreglunnar á Vesturlandi





ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI ALFA ROMEO Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16




Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Stjórnarskrá Íslands sker sig úr varðandi skort á framsalsheimildum

**STJÓRNSKIPUN** „Það er margt ólíkara í stjórnskipun Norðurlandanna en almennt hefur verið talið. Grunnurinn er sameiginlegur en birtist og hefur þróast með ólíkum hætti,“ segir Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunarrétti við HÍ.

Björg er önnur tveggja ritstjóra nýrrar bókar sem fjallar um samanburð á stjórnarskrám Norðurlandanna. Bókin er á ensku en auk Bjargar eru fimm höfundar sem eru norrænir fræðimenn á sviði stjórnskipunarréttar.

„Við hittumst reglulega á málþingum og höfum haldið ráðstefnur. Þessi hugmynd kviknaði út frá því. Kosturinn við að gefa bókina út á ensku er sá að við erum að opna þetta fyrir öðrum en norrænum fræðimönnum. Á alþjóðavettvangi halda margir að Norðurlöndin séu mjög lík og hugsa jafnvel um þau sem eina heild.“

Björg segir margt binda Norðurlöndin saman en margt sé líka ólíkt. „Það hefur mikil áhrif að þrjú ríkjanna séu í ESB en tvö í EES. Svíþjóð og Finnland hafa breytt sínum stjórnarskrám mikið og þar hafa verið sett inn ákvæði um samspil þjóðþinganna við ESB. Þetta hafa Danir ekki gert en í dönsku stjórnarskránni er þó skýr framsalsheimild.“

> **Hér hefur það aldrei verið viðurkennt að það sé verið að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana.**
>
> Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands



**Björg Thorarensen prófessor við HÍ.** MYND/HÁSKÓLI ÍSLANDS

Björg bendir á að Ísland skeri sig úr hvað varðar skort á heimildum til framsals valds.

„Ákvæði um þjóðréttarsamvinnu er í grunninn frá 1920 og gefur enga vísbendingu um að það megi framselja vald ríkisins. Hér hefur það aldrei verið viðurkennt að það sé verið að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana.“ **– sar**

# Gæslan neitar að sýna spilin í þyrlumáli

**Eftir fjögurra vikna yfirlegu hafnar Landhelgisgæslan því að afhenda afrit af samskiptum við Airbus. Gæslan fullyrti að samkvæmt Airbus ætti þyrluslys í Suður-Kóreu sér aðrar orsakir en galla í gírkassa, eins og þeim sem eru í þyrlum sem eru á leið til landsins frá Noregi.**

**ÖRYGGISMÁL** Landhelgisgæslan veitir hvorki aðgang að gögnum um meintar fullyrðingar Airbus um þyrluslys í Suður-Kóreu né að skjölum sem sýna að stofnuninni sé enn heimilt að bakka út úr samningi frá í maí um leigu á þyrlum frá Noregi.

„Í ljósi þess að um er að ræða upplýsingar sem varða rannsókn sem enn stendur yfir, er Landhelgisgæslunni ekki heimilt að afhenda umrædd gögn á grundvelli upplýsingalaga samanber 9. gr. laganna,“ segir í svari til Fréttablaðsins frá Ásgeiri Erlendssyni, upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar, varðandi upplýsingar frá Airbus. Svarið barst eftir fjögurra vikna bið.

Eftir að Fréttablaðið sagði frá því að herþyrla með gírkassa frá Airbus hrapaði í Suður-Kóreu 17. júlí síðastliðinn kvaðst Landhelgisgæslan hafa upplýsingar um það frá Airbus að slysið hefði atvikast með öðrum hætti en þekkt, mannskæð slys með Super Puma þyrlum í Noregi og Skotlandi. Þær þyrlur voru með sams konar gírkassa og herþyrlan í Suður-Kóreu. Í öllum þremur tilvikunum losnuð spaðarnir ofan af þyrlunum.

Slíkar Super Puma þyrlur hefur Landhelgisgæslan samið um að leigja frá Noregi í stað tveggja Super Puma þyrla af eldri gerð. Airbus hefur sagst hafa tryggt öryggi þyrlanna en rannsóknarnefnd flugslysa í Noregi sagðist í skýrslu, sem gefin var út 4. júlí síðastliðinn, telja að endurhanna þyrfti gírkassa vélanna. Í kjölfarið á því kvaðst Landhelgisgæslan ætla að skoða málið og sagði stofnunina enn hafa möguleika á því að draga sig út úr þyrluskiptasamningi við leigusala sinn í Noregi frá í lok maí.

Fréttablaðið spurði Landhelgisgæsluna hversu langan tíma hún hefði til að draga sig út úr samningnum frá í maí og hvort hægt væri að fá afrit gagna sem sýna það. „Samkomulagið var gert með fyrirvörum og í því er ekki kveðið á um tiltekna dagsetningu þar sem endanleg niðurstaða verður að liggja fyrir,“ segir í svari frá Ásgeiri upplýsingafulltrúa sem lætur hins vegar hjá líða að framvísa gögnum um þetta atriði.





**Airbus Super Puma 225 þyrla eins og þær sem Landhelgisgæslan samdi um leigu á fyrir sléttum þremur mánuðum.**

> **Samkomulagið var gert með fyrirvörum og í því er ekki kveðið á um tiltekna dagsetningu.**
>
> Ásgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar



Fréttablaðið spurði leigusalann, Knut Axel Ugland Holding AS (KAUH), hvort hann legði sama skilning í stöðuna. Øyvind Ødegård, yfirmaður hjá KAUH, segir að spurningum verði ekki svarað. „Það er regla hjá fyrirtækinu að svara aldrei spurningum frá þriðja aðila þar sem við teljum slíkar upplýsingar vera trúnaðarmál milli Knut Axel Ugland Holding AS og viðskiptavina okkar,“ segir Ødegård.

Bæði Landhelgisgæslan og KAUH voru spurð hvort breytingar væru hafnar á þyrlunum sem væntanlegar eru til landsins til að mæta þörfum Gæslunnar. „Engar breytingar hafa verið gerðar á vélunum í Noregi,“ segir í svari frá Gæslunni.

Engin svör bárust frá KAUH um breytingarnar á þyrlunum frekar en við þeirri spurningu hvort fyrirtækið hefði þegar ráðstafað þyrlunum sem það á hér í önnur verkefni.

„Landhelgisgæslan er með leigusamning fyrir TF-SYN og TF-GNA sem er í fullu gildi. Þeim hefur ekki verið ráðstafað í önnur verkefni,“ svarar upplýsingafulltrúi Gæslunnar hins vegar.

Fréttablaðið óskaði á mánudag eftir nánari skýringum á svörum Landhelgisgæslunnar, meðal annars um það til hvaða rannsóknar stofnunin er að vísa, hvort unnið sé að breytingum á þyrlunum annars staðar en í Noregi og á hvorum málslið 9. greinar upplýsingalaganna áðurnefnd synjun á afhendingu gagna frá Airbus byggir. Ekkert svar hefur borist. **gar@frettabladid.is**

## Einkahagsmunir í upplýsingalögum

9. gr. Takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna.

Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila.

**Úr upplýsingalögum.**




Amadeus borðstofuhúsgögn

Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is


# Hútar skutu eldflaug á Sádi-Arabíu

**JEMEN** Hútar skutu í gær eldflaug á Sádi-Arabíu. Ekki hefur verið greint frá mannfalli en loftvarnir Sádi-Arabíu skutu eldflaugina niður. Samkvæmt Masirah TV, fréttstöð á bandi Húta, var eldflaug af gerðinni Badr-1 skotið á „nýjar herbúðir“ í borginni Najran.

Sádi-Arabar stýra hernaðarbandalagi nokkurra Arabaríkja til stuðnings forsetanum Abdrabbuh Mansur Hadi. Ríkisstjórn hans hefur átt í stríði við uppreisnarhreyfinguna frá því í mars 2015. Hútar stýra vesturströnd landsins enn og hafa fremstu víglínur lítið breyst undanfarin misseri.

Hernaðarbandalagið, sem nýtur stuðnings Breta og Bandaríkjamanna, og Hútar voru í nýrri skýrslu sérfræðinefndar mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna sagðir mögulega bera ábyrgð á stríðsglæpum. Mikið mannfall meðal almennra borgara var harðlega gagnrýnt sem og að komið hefði verið í veg fyrir hjálparstarf í landinu.



**Vígamenn Húta standa vörð við trúarathöfn í San'a í Jemen.** NORDICPHOTOS/AFP

Þáttur Breta og Bandaríkjamanna er ekki skoðaður. Reuters segir þó að verið sé að fara yfir hann hjá SÞ.

Skýrslan vakti reiði í Bandaríkjunum. Í ritstjórnargrein The New York Times í gær var Bandaríkjastjórn sögð meðsek í því að hafa drepið almenna borgara. Skorað var á þingið að skera á alla hernaðaraðstoð til Sádi-Arabíu.

Jim Mattis varnarmálaráðherra sagði á þriðjudag, daginn sem skýrslan var birt, að stuðningur við Sádi-Araba væri ekki óskilyrtur. Að sögn Reuters ýjaði hann þó að því að Bandaríkin myndu halda áfram stuðningi við bandalagið en vinna að því að lágmarka mannfall almennra borgara. **– þea**







# BIOTHERM KYNNING

## Í SNYRTIVÖRUVERSLUNUM HAGKAUPS

### BIOTHERM MÆLIR MEÐ:

**BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT**

Líffræðingar Biotherm hafa fangað lífskraft dýrmæts rauðs sjávarþörungs í einstaka formúlu. Eftir því sem við eldumst fækkar collagen og elastin þráðum húðarinnar verulega. Blue Therapy Red Algae Uplift hefur sjáanleg yngjandi og styrkjandi áhrif á húðina: Útlínur andlitsins verða skýrari, húðin mýkri, stinnari og með meiri ljóma.




**BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT CURE**

RED ALGAE UPLIFT CURE hefur byltingarkennda áferð. Það er 10 sinnum léttara en hefðbundin serum og þrýstir virkum efnum niður í húðlögin. Það þarf einungis 6 dropa kvölds og morgna og húðin verður samstundis stinnari og þéttari. Eftir 28 daga er sem húðin hafi verið endurmótuð, er sjáanlega unglegri og sem henni hafi verið lyft. Notist í stað serums eða með serumi/kremi. 2 x virkara en krem. Hentar öllum húðgerðum.

**BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT KREM**

Flauelsmjúkt krem sem hentar öllum húðgerðum. Dag frá degi fær húðin frísklegan húðlit, verður silkimjúk, þéttari og stinnari.

BIOTHERM FÆST EKKI Í HAGKAUP BORGARNESI OG REYKJANESBÆ

**Í BÁÐUM KREMUNUM ER AUK ÞESS LYKILINNIHALDSEFNI BIOTHERM, GJÖF FRÁ NÁTTÚRUNNI , LIFE PLANKTON™**

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 7.800 kr eða meira á meðan birgðir endast.

**20% AFSLÁTTUR AF** ÖLLUM BIOTHERM DÖMU- OG HERRA-VÖRUM 30. ÁGÚST – 5. SEPTEMBER

**HAGKAUP** *Meira svona alla daga*

# Nýsköpunarhverfi rísi við Örfirisey

**Skrifstofur og íbúðir myndu margar hverjar byggjast á hugmyndum um deilihagkerfið. Víða í erlendum borgum, til dæmis í Boston og Barcelona, eru nýsköpunarhverfi við gamlar hafnir. Þór Sigfússon hefur kynnt hugmyndirnar fyrir Reykjavíkurborg og fjárfestum.**



The Market Hall er þekkt kennileiti í Rotterdam. Íbúðir og skrifstofur eru í boga en mathöll undir boganum á eins konar torgi. NORDICPHOTOS/GETTY

Þór Sigfússon, stofnandi Íslenska sjávarklasans, hefur lagt fram hugmyndir að uppbyggingu nýsköpunarhverfis í Örfirisey. Skrifstofur og íbúðir myndu margar hverjar byggjast á hugmyndum um deilihagkerfið. Með þeim hætti mætti halda leiguverði lágu sem gefi frumkvöðlum, listamönnum og öðru skapandi fólki færi á að búa og starfa á svæðinu. Víða erlendis, til dæmis í Boston og Barcelona, eru að hans sögn til nýsköpunarhverfi við gamlar hafnir. Hann hefur kynnt hugmyndirnar fyrir Reykjavíkurborg og Hjörleifi Jakobssyni fjárfesti sem á fasteignir á svæðinu.

„Um væri að ræða minni íbúðir tengdar frumkvöðlasetrum. Hugmyndin er að íbúðin sé fyrst og fremst vistarverur þar sem viðkomandi sefur og sameiginleg rými eru nýtt í meira mæli. Yngra fólkið gerir aðrar kröfur, kýs umhverfisvænni möguleika og vill nýta kosti deilihagkerfisins,“ segir Þór í samtali við Markaðinn og nefnir að hugmyndir sem þessar séu að ryðja sér til rúms. Megi sem dæmi nefna fasteignirnar Blox í Kaupmannahöfn, Market Hall í Rotterdam og De Rotterdam sem allar séu við höfn.

**Fjölbreyttari nýting**

„Í deilibyggingum er nýting rýmis nokkuð fjölbreyttari en í húsi sem þjónar ákveðnum tilgangi, er til dæmis annaðhvort skrifstofu- eða íbúðarhúsnæði. Í deilibyggingum er hægt að vera með skrifstofur, íbúðir, hótel, matvöruverslanir og veitingastaði undir einum hatti,“ segir í skýrslu sem forsvarsmenn Íslenska sjávarklasans hafa ritað. Með þeim hætti gefist færi á sveigjanleika í nýtingu og því sé hægt að bregðast við sveiflum á fasteignamarkaði eftir því hvort meiri spurn sé eftir íbúðum eða skrifstofum. Landrými nýtist auk þess betur en þegar hvert hús gegni ákveðnu hlutverki, orka og tími sparist því fólk þarf ekki að keyra um lengri veg. Enn fremur verði hægt að nýta dagsbirtu fyrir skrifstofur en birtu síðdegis fyrir íbúðir.

Þór bendir á að borgir séu að færa sig í meiri mæli til sjávar. Yfirgefin og vannýtt iðnaðar- og hafnarsvæði hafa verið byggð upp í anda nýrra tíma. Gömul hafnarsvæði eru oft í grennd við eldri hluta borga og miðborgarkjarna. Af þeim sökum hefur eftirspurn eftir því að búa, starfa eða dvelja við sjávarsíðuna aukist. „Þar sem vel hefur tekist til hefur orðið mjög mikil umbreyting á þessum svæðum, sum eru orðin öflug nýsköpunarhverfi og sum draga að sér milljónir ferðamanna á ári hverju,“ segir í skýrslunni.

Dæmi um nýsköpunarhverfi eru Seaport Innovation District í Boston og 22@ í Poblenou-hverfinu í Barcelona þar sem verksmiðju- og vöruhúsnæði er orðið að galleríum, hönnunarstúdíóum, auglýsingastofum, háskólastofnunum og framleiðslufyrirtækjum. Fleiri borgir hafa þróað hugmynd að nýsköpunarhverfi og má þar meðal annars nefna New York, Sydney og Seattle.

## Vísir að Kísildal fyrir sjávarútveg á Granda

Þór vekur athygli á að nú þegar sé kominn góður vísir að nýsköpunarhverfi á Granda. Þar séu til húsa Íslenski sjávarklasinn, Íslenski ferðaklasinn og fleiri sameiginleg vinnurými. „Á Granda hefur verið lagður grunnur að nokkurs konar Kísildal fyrir sjávarútveg. Erlendis er mikill áhugi á íslenska nýsköpunarumhverfinu í sjávarútvegi. Þar er til staðar tækifæri til að koma á fót miðstöð sjávarútvegs fyrir Atlantshafið á svæðinu. Svæðið er kjörið til þess. Á Íslandi ríkir auk þess meira traust, að mínum dómi, sem gerir frumkvöðlum auðveldara fyrir að nálgast stærri fyrirtæki og fjárfesta. Við getum lyft því á hærra plan með því að skipuleggja svæði sérstaklega með þetta í huga,“ segir hann.

Það komast ekki fleiri fyrirtæki að í Húsi sjávarklasans nema örfyrirtæki. Vaxtarmöguleikar smærri fyrirtækja sem hafa aðstöðu í húsinu eru takmarkaðir, auk þess vilji ýmis stærri fyrirtæki sækja í kosti samstarfsins í húsnæðinu en komast ekki að, samkvæmt skýrslunni.



**Þór Sigfússon, stofnandi Íslenska sjávarklasans.**

**20 prósent af kostnaði**

Spurður hvort það sé ekki hætta á að svæðið verði of dýrt fyrir sprotafyrirtæki og listamenn ef ráðist verður í umsvifamikla uppbyggingu segir Þór að þess vegna sé svo mikilvægt að hugmyndafræði svæðisins byggist á deilihagkerfinu. „Það skiptir sköpum hvort leigð er aðstaða með fundarherbergi, salerni og öllu sem tilheyrir í miðborg eða hvort látið er nægja skrifborð og annað sé sameiginlegt. Leigan væri mögulega 20 prósent af kostnaðinum sem annars væri.“

Almennt eru sameiginleg vinnurými nýtt af frumkvöðlum og nýsköpunarfyrirtækjum, en stærri og rótgrónari fyrirtæki séu að átta sig á kostum þessa fyrirkomulags. „Þetta hentar vel fyrirtækjum sem eru með 20-50 starfsmenn,“ segir Þór Sigfússon.

helgivifill@frettabladid.is




brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16
ford.is




ENNEMM / SÍA / NM79594

## Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.

Við kynnum nýjan Hyundai i20 sem er enn betur útbúinn en eldri gerðir af i20. Nýr i20 er fáanlegur með sjálfvirkri neyðarhemlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, og í nýjum 7" snertiskjá er hægt að nýta sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™. Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Gönguleiðin á hæsta tind Dyrfjalla er flestu fjallafólki fær en krefst einhverrar reynslu og best er að hafa góða leiðsögn. Öll leiðin er með miklum ólíkindum falleg. MYND/ÓLAFUR MÁR

# Dyrnar að himnunum

**Tómas Guðbjartsson** læknir og náttúruunnandi og **Sigtryggur Ari Jóhannsson** ljósmyndari fjalla um sérstæðar perlur í íslenskri náttúru.

Dyrfjöll við Borgarfjörð eystri eru með tignarlegri fjöllum á Íslandi og sjást víða að. Þetta eru móbergsfjöll sem mynduðust við sprengigos undir vatni, líkt og Askja í Dyngjufjöllum. Ísaldarjökullinn hefur sorfið tindaröðina og 700 metra breiðar Dyrnar. Hæsti tindurinn er 1.136 metra hár, heitir Súla og liggur norðan Dyranna á Ytra-Dyrfjalli. Sunnan þess er Fremra-Dyrfjall, ívið lægra en skartar tindinum Stöpli. Austar og næst Bakkagerði er síðan Dyrfjallstindur.

Ganga á Dyrfjöll er aðeins fyrir vant göngufólk. Algengast er að ganga á Dyrfjallstind en þá er haldið frá Brandsbalarétt, skammt frá Bakkagerði, upp með Grjótá og inn Grjótárdal. Mikilvægt er að finna berggang í miðri austurhlíðinni sem auðveldar uppgöngu. Af tindinum er frábært útsýni yfir Borgarfjörð, Víkur og Njarðvík.

Ganga á Súlu er krefjandi og mikilvægt að þekkja til. Aftur er lagt upp frá Brandsbalarétt, eftir grónum Jökuldal uns komið er að sprungnum skriðjökli undir Dyrunum. Haldið er upp jökulinn norðan megin á mannbroddum þar til komið er að klettum sem eru mosavaxnir neðst. Rata þarf á rennu í klettunum sem leiðir mann upp fyrsta og brattasta hluta klettabeltisins. Gæta verður varúðar á mótum jökulsins og klettanna því þar eru oft illfærar sprungur. Þarna þarf því bæði jöklabúnað og hjálm.

Súla er tilkomumikill klettadrangur og þaðan er mikið útsýni yfir Víknaslóðir, Héraðsflóa og í góðu veðri sést til Snæfells. Áður en haldið er sömu leið niður er ógleymanlegt að halda að Dyrunum og virða fyrir sér þessa náttúrusmíð í návígi. Snarbrattan tind Fremra-Dyrfjalls hafa örfáir klifið en það gerði fyrstur ólympíuverðlaunahafinn Vilhjálmur Einarsson við þriðja mann árið 1952. Ganga um sjálfar Dyrnar er aðeins fyrir vant klifurfólk. Allir geta þó gengið inn í Jökuldal að rótum snoturs skriðjökuls sem liggur undir Ytra-Dyrfjalli. Þarna er urð sem minnir á Stórurð en er minni í sniðum. Á þessum slóðum má jafnvel sjá hreindýr.



FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Fleiri myndir má nálgast á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðsappinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**



Rétt er að fara gætilega af jökli og inn á fjall. MYND/ÓMB



Súla er hæsti tindur Dyrfjalla, 1.136 metrar. MYND/ÓMB



Jökullinn sem gengið er yfir heitir Jökull. MYND/ÓMB



Horft yfir Urðardal, ofan á Stórurð. MYND/ÓMB



Gangan öll fram með Grjótánni og inn að Jökli er all-ævintýraleg og umhverfið jafnvel Alpalegt. MYND/ÓMB




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Dyrfjöllin sjást hér frá Bóndastaðahálsi á Út-Héraði, Selfljótið rennur lygnt í forgrunni en Súlur og Urðardalur eru hjúpuð djúpum skugga. Dyrnar eru 700 metra víðar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Úsýni frá Ytra-Dyrfjalli í átt að Borgarfirði. Dyrfjallstindur fjær. MYND/ÓMB

**Haldið er upp jökulinn norðan megin á mannbroddum þar til komið er að klettum sem eru mosavaxnir neðst. Rata þarf á rennu í klettunum sem leiðir mann upp fyrsta og brattasta hluta klettabeltisins. Gæta verður varúðar á mótum jökulsins og klettanna því þar eru oft illfærar sprungur. Þarna þarf því bæði jöklabúnað og hjálm.**



Fremra-Dyrfjall rís upp úr ævintýralegu landslaginu. Tindurinn á fremra fjallinu heitir Stöpull. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Gengið er eftir hrygg ofan á Ytra-Dyrfjalli. Leiðin liggur að tindinum Súlu, sem er vinstra megin á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Nýr Opel

# GRANDLAND X

**Opel Grandland X** rúmgóður sportjepplingur á frábæru verði þar sem þægindi, hátækni og lúxus er staðalbúnaður. **Þýsk** gæði, **þýsk** hönnun, **þýsk** hagkvæmni.

Reynsluaktu **Opel** og þú gætir unnið
**Opel Karl** til afnota í heilt ár




Pipar\TBWA | SÍA

EURO NCAP FOR SAFER CARS ★★★★★

5 ára ábyrgð

**Grandland X Enjoy 1,2L MT 130ha**
Verð: 3.990.000 kr.

## Frumsýningartilboð:

# 3.790.000 kr.

**Nýttu þér frábær kjör áður en verð á nýjum bílum hækkar vegna fyrirhugaðra reglugerðabreytinga**

THE FUTURE IS EVERYONE'S

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Kynntu þér **Opel Grandland X** og bókaðu reynsluakstur á **grandland.opel.is**

**Sýningarsalur**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna

# Reiða fólkið á meðal okkar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Alkunna er að það hefur ekki góð áhrif á fólk að reiðast svo mjög að það helli úr skálum reiði sinnar. Þegar þetta hendir fólk sem venjulega er fremur gefið fyrir rólegheit þá verður það hálf dasað á eftir og jafnvel skömmustulegt. Það hefur á tilfinningunni að það hafi gert sig að fífli og skilur ekki sjálft hvernig það asnaðist til að láta neikvæða orku ná slíkum ofurtökum á sér. Viðkomandi heitir sjálfum sér því að endurtaka leikinn ekki í bráð.

Þetta á þó alls ekki við um alla, því í íslensku samfélagi eru fjölmargir sem þrífast á reiði. Þessir einstaklingar vakna einbeittir á hverjum morgni, tilbúnir í slag dagsins. Þeir vita að það er ansi margt sem ástæða er til að æsa sig yfir og þeir ætla sannarlega ekki að missa af tækifæri til þess. Eitt af fyrstu verkefnum þeirra er því að kanna hvort einhver hafi ekki örugglega sagt eða gert einhverja vitleysu sem hægt sé að skammast yfir á netinu. Stundum liggur ekki alveg ljóst fyrir að svo sé, en þá er fylgt hinni klassísku ráðleggingu: Leitið og þér munuð finna. Afli dagsins er yfirleitt góður. Í nútímasamfélagi vill nefnilega svo til að svo að segja allir eru að tjá skoðanir sínar. Það má stöðugt agnúast út í einhverja þeirra. Þannig má eyða dágóðum hluta sólarhringsins í að hella sér yfir náungann.

Svo heppilega vill til að margir sem viðra skoðanir sínar eiga það til að nota orð sem eru ekki alveg nákvæm, jafnvel klaufaleg, og þá er verulega gaman að hártoga þau og snúa út úr þeim þannig að viðkomandi neyðist jafnvel til að biðjast opinberlega afsökunar á skoðun sinni og afneita henni. Það gerir alltaf lukku hjá reiða fólkinu þegar einhver verður verulega aumur og stynur upp afsökunarorðum sem sýna að hann þráir að vera í náðinni. Nútímatækni er líka svo sniðug að það má hella svívirðingum yfir einstakling án þess að þurfa að standa frammi fyrir viðkomandi, sem gerir það enn auðveldara að gera lítið úr honum og opinbera fyrir öðrum að hann sé algjör asni og skoðanir hans ömurlegar.

Reiðir einstaklingar sem hafa svo ríka þörf til að tjá sig á netinu á neikvæðan hátt hafa vitaskuld einstaka hæfileika til að láta hluti fara í taugarnar á sér. Einhverjir með rólyndari lund myndu sannarlega ráðleggja þeim að leiða hluti hjá sér, því ekki væri ástæða til að æsa sig yfir hverju sem er og svo sé alls ekki nauðsynlegt að hafa sterkar skoðanir á öllum mögulegum hlutum. Svoleiðis rök bíta ekki á reiða fólkið. Reiði þess er yfirleitt með áberandi sterkum geðvonskublæ, því er stöðugt misboðið, jafnt í stóru sem smáu. Það fyllist heilagri vandlætingu nánast út af hverju sem er.

Reiða fólkið er á meðal okkar. Það hefur gríðarlegt úthald og hefur auk þess unun af að dekra við reiði sína. Þannig líður því einfaldlega best.

**Nútímatækni er líka svo sniðug að það má hella svívirðingum yfir einstakling án þess að þurfa að standa frammi fyrir viðkomandi.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Útvistun flókinna verkefna**
Bjarni Harðarson, bókaútgefandi á Selfossi, sendi fjölmiðlum í gær tilkynningu vegna útgáfuhófs. Svo óheppilega vildi til að rangar dagsetningar voru í tölvupóstinum og barst leiðrétting skömmu síðar. Af þessu tilefni rifjast upp fyrri tölvupóstvandræði Bjarna. Sem þingmaður sendi hann óvart afar pólitískt viðkvæman tölvupóst á fjölmiðla sem hafði eingöngu verið ætlaður aðstoðarmanni hans. Sagði hann af sér í kjölfarið. Þótt mistökin í gær séu sem betur fer hvorki alvarleg né afdrifarík er samt spurning hvort ekki sé kominn tími til að Bjarni fari að útvista því flókna verkefni sem tölvupóstsendingar sannarlega eru.

**Enginn veit hvað átt hefur**
Það veit ekki á gott fyrir komandi kjarasamninga að forsætisráðherra og ASÍ séu farin að munnhöggvast í fjölmiðlum. Deilt er um svigrúm til launahækkana og segja atvinnurekendur að lítið sé til þeirra að sækja. Verður því væntanlega horft til stjórnvalda til að liðka fyrir samningum. Sé ríkisstjórnin viðkvæm fyrir samanburði ASÍ á launaþróun þeirra sem heyrðu undir kjararáð og almenns launafólks, verður áhugavert að sjá viðbrögðin við málflutningi sambandsins nái byltingaröflin völdum á þingi ASÍ í haust.

sighvatur@frettabladid.is

# Úlfurinn



Magnús Már Guðmundsson
formaður ferlinefndar og borgarstjórnarflokks Samfylkingarinnar

Upphlaup hafa einkennt borgarmálin frá kosningum og fjallaði ritstjóri Fréttablaðsins nýlega um ábyrgð minnihlutaflokkanna á stöðunni í leiðara sem bar heitið „Úlfur, úlfur“. Þar er með réttu ástandið gagnrýnt, bent á borgarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins en Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi ein Sjálfstæðismanna látin sæta ábyrgð. Sú nálgun varpar ljósi á ósættið sem nú geisar meðal borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Til þess að geta fjallað um innanflokkskróníku Sjálfstæðismanna leggur ritstjórinn lykkju á leið sína og endurtekur kunnuglegt stef frá síðasta kjörtímabili um að allt sé í kalda kolum í Reykjavík. Fjármál í ólestri, hærri og hærri fasteignagjöld, illa mannaðir leikskólar, heimatilbúin húsnæðiskreppa og tekjustofnar hækkaðir með „sjónhverfingum“. Ekkert er fjær lagi og staðreyndin sú að rekstur Reykjavíkurborgar gengur vel. Þannig voru borgarsjóður og fyrirtæki borgarinnar rekin með 28 milljarða hagnaði árið 2017. Þá hafa skuldir farið lækkandi síðustu ár, álagshlutfall fasteignagjalda lækkað á alla og fengu eldri borgarar og öryrkjar sérstakan afslátt.

Aldrei í sögu borgarinnar hafa fleiri íbúðir verið í byggingu. Við það bætist félagslega húsnæðisuppbyggingin sem ekkert annað sveitarfélag hefur séð sóma sinn í að taka þátt í. Samanborið við önnur sveitarfélög renna hlutfallslega mestir fjármunir til velferðarmála í Reykjavík. Það er því auðvelt fyrir nágrannasveitarfélögin að hafa útsvarið örlítið lægra þegar þau axla ekki ábyrgð á vanda heimilislausra og félagslegri húsnæðisuppbyggingu. Í Reykjavík eru 16 félagslegar íbúðir á hverja þúsund íbúa en hlutfallið tvær íbúðir í Garðabæ og á Seltjarnarnesi.

Fréttablaðið greindi nýlega frá því að leikskólamönnun gengur betur en síðustu ár. Það er auðvitað vond staða fyrir börn og fjölskyldur þeirra að geta ekki byrjað aðlögun þegar starfsfólk vantar. Flestir leikskólanna eru hins vegar mannaðir. Reykjavík er ekki fullkomin og verk núverandi og fyrrverandi meirihluta má sannarlega gagnrýna. Eitt af hlutverkum fjölmiðla er að varpa ljósi á það sem betur má fara en gagnrýnin má ekki byggja á hliðarveruleika. Vonandi verður umræðan um borgarmál hófstilltari í vetur því það er öllum ljóst að upphrópanir gera lítið fyrir borgarbúa.

**Vonandi verður umræðan um borgarmál hófstilltari í vetur því það er öllum ljóst að upphrópanir gera lítið fyrir borgarbúa.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Svíþjóð: Hvað gerist næst?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

*Stokkhólmur* – Svíar ganga til þingkosninga eftir tíu daga.

Sænsk stjórnmál hafa verið í föstum skorðum í meira en hundrað ár og skilað góðum árangri þegar alls er gætt. Lengi vel áttu fimm flokkar fulltrúa á þingi og skiptust í tvær andstæðar fylkingar. Þrjú ár af hverjum fjórum eða þar um bil sátu jafnaðarmenn í ríkisstjórn þessi hundrað ár, oftast einir en stundum á fyrri tíð í samsteypustjórnum – með frjálslyndum 1917-1920, með Bændaflokknum 1936-1939, í þjóðstjórn allra flokka nema kommúnista stríðsárin 1939-1945 og síðan aftur með Bændaflokknum 1951-1957.

## Andstæðar fylkingar

Eftir 1957 stirðnaði sambandið milli fylkinganna tveggja og hefur aldrei síðan verið innangengt á milli þeirra.

Annars vegar stóðu jafnaðarmenn og kommúnistar, síðar vinstri menn. Þegar þeir náðu meiri hluta þingsæta sem var reglan mynduðu jafnaðarmenn, langstærsti flokkurinn, minnihlutastjórn með þögulu samþykki kommanna sem virtu í reynd þá skoðun allra annarra þingflokka að kommarnir mættu ekki eiga beina aðild að stjórn landsins svo þeir veittu krötunum hlutleysi. Kratarnir stjórnuðu landinu einir nær óslitið frá 1957 til 1976. Þeir hafa aldrei skipt um nafn (Sveriges socialdemokratiska arbetareparti) frá stofnun flokksins 1889, en kommarnir voru alltaf að skipta. Þeir hétu Kommúnistaflokkur Svíþjóðar frá 1921 til 1967 þegar þeir tóku upp nafnið Vänsterpartiet Kommunisterna (VPK) sem þeir styttu síðan í Vänsterpartiet 1990 og heita svo enn.

Hina fylkinguna mynduðu þrír borgaraflokkar. Hægri flokkurinn skipti um nafn 1969 og kallaði sig þá Moderata samlingspartiet (Einingarflokkur hófsamra). Bændaflokkurinn (s. Bondeförbundet) skipti um nafn 1957 og hefur síðan þá heitið Centerpartiet (Miðflokkurinn). Frjálslyndir (s. Liberalerna) hafa heitið svo frá 2015, hétu áður Folkpartiet Liberalerna frá 1990 og þar áður Folkpartiet (Þjóðarflokkurinn) frá stofnun flokksins 1934.

## Nýir flokkar

Nokkrir nýir flokkar hafa bætzt í flóruna og eiga þrír þeirra nú fulltrúa á þingi. Umhverfisflokkurinn, flokkur græningja (s. Miljöpartiet de gröna), fékk menn kjörna á þing 1988 og síðan aftur 1994 og æ síðan og skipar sér í lið með jafnaðarmönnum. Kristilegir demókratar (s. Kristdemokraterna) buðu fyrst fram til þings 1964 en eignuðust ekki fulltrúa á þingi fyrr en 1991 og æ síðan. Þeir eru samherjar gömlu borgaraflokkanna og virðast nú eiga á hættu að detta út af þingi. Utan beggja fylkinga standa Svíþjóðardemókratar (s. Sverigedemokraterna, SD) sem buðu fyrst fram til þings 1988 og fengu menn kjörna 2010 með 6% atkvæða og aftur 2014 með 13% atkvæða og urðu þá þriðji stærsti flokkurinn á þingi. Þeir eiga rætur sínar í hreyfingu sænskra nýnasista 1980-1990. Meðal flokksmanna þá voru gamlir Svíar sem höfðu barizt með nasistum í heimsstyrjöldinni, rasistar og dæmdir ofbeldismenn. Þessa fortíð setja margir Svíar fyrir sig og einnig andúð SD á fjölgun innflytjenda og meintu viljaleysi eða getuleysi gömlu flokkanna til að hemja fjölgunina.

> **Allir flokkar setja heilbrigðismál á oddinn þar eð biðlistar spítalanna eru allt of langir. Ýmsir gera umhverfismálum einnig hátt undir höfði eftir hitasvækju og skógarelda sumarsins. Þessar áherzlur kunna að draga úr vægi andúðar SD á fjölgun innflytjenda í kosningabaráttunni.**

Mörgum Svíum brá þegar 163.000 flóttamenn sóttu um hæli í landinu 2015, en straumurinn minnkaði eftir það. Fjöldi hælisleitenda 2016 var 29.000 og 26.000 í fyrra, 2017. Stjórnvöld reikna með 23.000 í ár, 2018. Rösklega sjötti hver íbúi Svíþjóðar (18%) er fæddur utan lands. Það er að vísu ívið hærra hlutfall en í Danmörku (12%), á Íslandi (14%) og í Noregi (15%), en mun lægra en í Sviss (28%). Útlendingar, þ.e. borgarar annarra landa, eru 8% af íbúafjölda Svíþjóðar og Danmerkur borið saman við 9% á Íslandi, 11% í Noregi og 25% í Sviss. Flestir Svíar fagna innflytjendum, minnugir þess hversu vel sænskum innflytjendum var tekið í Ameríku á sinni tíð þegar fjórði hver Svíi, ein milljón af fjórum, flutti vestur um haf.

## Innflytjendur og mannréttindi

Hvernig gat það gerzt að hálfgildingsnasistaflokki tækist að vinna svo mikla hylli sænskra kjósenda? Svíþjóð hefur ekki farið varhluta af þeirri andúð sem gamlir stjórnmálaflokkar vekja meðal kjósenda, nú síðast á Ítalíu þar sem allir „gömlu“ flokkarnir – flokkar sem urðu til eftir 1992! – sitja nú utan stjórnar. Við bætist andúð sumra kjósenda á fjölgun innflytjenda. Allir flokkar setja heilbrigðismál á oddinn þar eð biðlistar spítalanna eru allt of langir. Ýmsir gera umhverfismálum einnig hátt undir höfði eftir hitasvækju og skógarelda sumarsins. Þessar áherzlur kunna að draga úr vægi andúðar SD á fjölgun innflytjenda í kosningabaráttunni.

Allir þingflokkar nema Moderaterna (M) þvertaka fyrir samstarf við SD. Líkur á að M og SD geti myndað nýja ríkisstjórn eftir kosningar með stuðningi eða hlutleysi annarra flokka virðast litlar. Flest bendir því til áframhaldandi minnihlutastjórnar sem semur við hluta stjórnarandstöðunnar um einstök mál, annaðhvort undir forustu jafnaðarmanna eins og nú eða bandalags borgaraflokkanna. Meirihlutastjórn flokka úr andstæðum fylkingum í fyrsta sinn í meira en 60 ár virðist ólíkleg að svo stöddu.



# Rýmum fyrir nýjum



**50%**
**AF ALLRI SUMARVÖRU**

**WESTERN** borð. Svart. 147x90 cm. 29.900 kr. Nú 14.950 kr. **SANREMO** stóll. Svartur, grár eða grænn. 12.900 kr. Nú 6.450 kr.



**COPENHAGEN** ruggustóll. Svartur. 29.900 kr. Nú 14.950 kr.



**LYON** þriggja sæta sófi úr pólýrattan. L249 cm.
99.900 kr. Nú 49.950 kr.



**TORONTO** 6 sæta hornsófi. L263 x D204 cm.
299.900 kr. Nú 149.950 kr.



**MADISON** borð, tekk. 200 x 100 cm. 199.900 kr. Nú 99.950 kr.
**FONTANA** stóll. Græn, grá eða drapplituð skel með viðarlitum eða svörtum fótum. 9.900 kr. Nú 4.950 kr.



**40%**

**STORY** stóll. Svartur með grárri sessu, stálfætur.
14.900 kr. Nú 8.900 kr.



**MOON NY** stóll. Grá seta, eikarfætur. 17.900 kr.
Nú 9.900 kr.



**PARIS** stóll. Svört eða hvít seta, viðarfætur. 14.900 kr.
Nú 9.900 kr.



**MAYER** stóll. Svartur með grárri setu. 13.900 kr. Nú 8.900 kr.



**CAROLINA** stóll. Blá seta, svartir fætur. 12.900 kr.
Nú 8.900 kr.



**HYPE** stóll. Svart PU leðurlíki.
29.900 kr. Nú 19.900 kr.



**VETRO** stóll. Svartur með viðarfótum. 39.900 kr.
Nú 19.900 kr.



**DOLPHIN** stóll. Brúnt leður, krómfætur. 44.900 kr.
Nú 26.900 kr.



**BAILEY** stóll. Svart leðurlíki með viðarfótum. 16.900 kr.
Nú 9.900 kr.

RAW
CRAFTED CONCEPT
- EST. 1835 -



**30%**
**AF ALLRI SMÁVÖRU**
**TILBOÐ GILDA TIL 2. SEPTEMBER**





**CHARME** hvítvíns eða rauðvínsglas. 495 kr. Nú 346 kr.
Kampavínsglas 395 kr. 276 kr.

**COPPER** hnífur, matskeið eða gaffall. 395 kr./stk. Nú 276 kr./stk.
Teskeið. 295 kr. 206 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

**FACEBOOK**.COM/ILVAISLAND
**INSTAGRAM** .COM/ILVAISLAND




ILVA



NATUZZI B888 sófi með skemilenda til hægri eða vinstri. Madison Acciaio N20RA leður. L310 x B243 x 104 cm. 729.900 kr. Nú 399.900 kr.




FLEXLUX Elegant hægindastóll. Svart leður. 249.900 kr. Nú 149.900 kr.
FLEXLUX Urban hægindastóll. Brúnt leður. 239.900 kr. Nú 143.900 kr.




FLUENTE opinn endi + 2ja sæta. Grátt velúráklæði. 189.900 kr. Nú 94.950 kr.




POLO þriggja sæta sófi. Grátt áklæði. L160 cm. 169.900 kr. Nú 99.900 kr.




FRONT kommóður. 3+2 skúffur. 29.900 kr. Nú 14.950 kr. 4+4 skúffur. 49.900 kr. Nú 24.950 kr.




3 einföld skref að hinum fullkomna fataskáp

- Veldu stærð og gerð
  Komdu með málin á rýminu til okkar og við hjálpum þér að skipuleggja skápinn. Þú velur úr fjölda stærðarmöguleika
- Veldu útlit/áferð
  Veldu útlit sem þér finnst fallegast: viðar, spegla- eða háglansáferð
- Veldu skipulagið





SLY svefnsófi. Grátt áklæði. Svefnflötur 140x200 cm. 139.900 kr. Nú 99.900 kr.



SAVONA þriggja sæta svefnsófi. Dökkgrátt áklæði. Svefnflötur 140x197 cm. 79.900 kr. Nú 49.900 kr.




RAW loftljós. Antík silfuráferð. Ø40 cm. 34.995 kr. Nú 23.995 kr.
FOCUS loftljós. Svart. Ø22 cm. 17.995 kr. Nú 11.900 kr.
JOB MAT GRÁ veggljós. Ø13,5 cm. 17.995 kr. Nú 11.900 kr.

VITA
COPENHAGEN

**VITA EOS UP**
Veggljós. Fjaðrir.
Ø40 x D15 cm.
18.995kr.
Nú 12.995 kr.










VISA
MasterCard

**12 MÁNAÐA GREIÐSLUDREIFING**
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

**3 MÁNAÐA GREIÐSLUDREIFING MEÐ** Netgíró

# Verkefnum fjölgar – úr vörn í sókn



**Svandís Svavarsdóttir**
heilbrigðisráðherra

Þörf fyrir dagdvalarrými hefur aukist á undanförnum árum en eftir efnahagshrunið hefur þeim því miður ekki fjölgað nægilega hratt. Ástandið er enn eitt dæmið um afleiðingar hrunsins á heilbrigðiskerfið, þar sem dregið var úr fjármagni sem rann til innviða og uppbygging í mörgum málaflokkum var stöðvuð. Nú þegar efnahagsástandið hefur batnað rísa réttmætar kröfur um endurbætur á nánast öllum sviðum samfélagsins, þar á meðal á þessu sviði. Því miður er ómögulegt að ætla sér að leysa öll vandamál í einu vetfangi en viðsnúningurinn er hafinn.

Í heilbrigðisráðuneytinu er nú unnið að stefnumótun fyrir heilbrigðiskerfið. Í þeirri vinnu hefur ýmsum spurningum verið varpað fram; hvernig heilbrigðisþjónustu viljum við veita, hvernig getum við tryggt að heilbrigðisþjónusta sé veitt á viðeigandi þjónustustigi og hvernig greiðum við fyrir hana, hvernig aukum við þátttöku sjúklinganna sjálfra í veitingu heilbrigðisþjónustu, hvaða gæðakröfur eru gerðar, hvernig stöndum við að menntun heilbrigðisstarfsfólks og hvernig tryggjum við nægilegan mannafla í heilbrigðiskerfinu, hvernig innleiðum við nýja tækni og ný lyf og hvernig stöndum við að vísindastarfi og nýsköpun?

Öllum þessum spurningum og fleirum þarf að svara til þess að við getum forgangsraðað því fjármagni sem rennur til heilbrigðismála. Markmiðið er að gera tilraun til þess að svara þessum spurningum í haust, í samvinnu við heilbrigðisstofnanir og aðrar stofnanir heilbrigðisráðuneytisins, auk þess sem frekari umræða um þær mun fara fram á heilbrigðisþingi sem ég mun boða til í nóvember.

**Þolinmæði er ekki þjóðareinkenni Íslendinga en takist okkur að hrinda þeim verkefnum í framkvæmd sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur eru allar líkur á því að Íslendingar muni áfram búa við heilbrigðiskerfi í fremstu röð.**

### Verkefni samfélagsins alls

Umræðan undanfarið um skort á dagvistunarúrræðum fyrir heilabilaða endurspeglar hluta af aukinni þörf fyrir fjölbreytta þjónustu fyrir aldraða og ekki síst þá sem glíma við heilabilun. Þjónusta við þann hóp er verkefni samfélagsins alls og með framkvæmd þeirrar þjónustu fer heilbrigðiskerfið – þegar um er að ræða heilbrigðisþjónustu, félagsmálayfirvöld og sveitarfélögin þegar um er að ræða búsetu, t.a.m. sérstök búsetuúrræði og þegar um er að ræða dægradvöl og tómstundir. Stundum skarast þessi svið auk þess sem ólíkt kann að vera milli sveitarfélaga hvaða þjónusta er veitt og hvernig samstarfi við ríkið eða fyrirtæki í velferðarþjónustu er háttað í hverju tilviki.

Nú er það svo að ríkið greiðir þeim daggjöld sem veita öldruðum hjúkrun eða aðra umönnun, hvort sem það er á hjúkrunarheimilum eða í dagvistun, en sú þjónusta er ýmist veitt af sveitarfélögum eða af einkaaðilum. Þessi mál þarf að skoða vel með það að markmiði að tryggja að öllum bjóðist viðeigandi þjónusta.

Samtímis því að unnið er að stefnumótun í heilbrigðiskerfinu hefur fjölmargt verið gert til þess að bæta úr augljósum veikleikum í heilbrigðisþjónustunni. Greiðslukerfi heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur verið breytt, geðheilbrigðisstefna hefur verið fullfjármögnuð, reglugerðarbreytingar hafa verið gerðar sem takmarka aðgengi að ávana- og fíknilyfjum og innflutning einstaklinga á þessum lyfjum og unnið er að aðgerðum sem auka fræðslu ungs fólks um þessi lyf og hvernig meðferðarúrræðum fyrir ungt fólk í fíknivanda verði best fyrir komið.

### Stórsókn kynnt

Stórsókn um uppbyggingu hjúkrunarrýma hefur verið kynnt, skóflustunga að meðferðarkjarna Landspítalans við Hringbraut verður tekin bráðlega og stjórn spítalans hefur í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið hafið undirbúning að því að auka dag- og göngudeildarstarfsemi spítalans, sem mun bæta aðgengi að þjónustu sérgreinalækna fyrir alla landsmenn. Síðast en ekki síst hefur greiðsluþátttaka sjúklinga verið endurskoðuð og kostnaður þeirra sem þurfa á mestri heilbrigðisþjónustu að halda hefur verið lækkaður verulega.

Þolinmæði er ekki þjóðareinkenni Íslendinga en takist okkur að hrinda þeim verkefnum í framkvæmd sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur eru allar líkur á því að Íslendingar muni áfram búa við heilbrigðiskerfi í fremstu röð.

# Nauðgunarmenningin



**Bjarni Karlsson**
prestur með MA í kynlífssiðfræði

Innst inni þykir okkur kvenlegt að vera svolítið varnarlaus en karlmannlegt þegar af manni stafar nokkur ögrun. Það þykir t.d. klúrt af konu að sitja gleið og spenna hendur fyrir aftan hnakka. Slík líkamsstaða lýsir valdi sem ekki þykir kvenlegt. Þegar ég vígðist sem prestur árið 1990 var það alsiða að íslenskar konur gengu í búrkum upp að altarinu á brúðkaupsdaginn sinn. Hver brúðurin af annarri kom gangandi inn kirkjugólfið leidd af eldri karli með slör fyrir andlitinu. „Er það einlægur ásetningur þinn að ganga að eiga NN þann er við hlið þér stendur?“ spurði barnungi presturinn og rödd án andlits svaraði „já“. Brúðhjónin gáfu hvort öðru hönd sína og presturinn lýsti þau hjón og þá, en ekki fyrr, átti brúðguminn að lyfta gardínunni og kyssa brúði sína.

Hvers vegna var þetta svona? Vegna þess að kvenlíkaminn hefur hlotið þau örlög í menningu okkar að vera táknmynd efnisheimsins. Við höfum talað um Guð föður og móður Jörð, tileinkað körlum hið andlega og upphafna en konum hið jarðbundna og efnislega. Stjórnun hefur verið „uppi“ en það sem stjórna skal hefur verið „á gólfinu“. Og þessi heimsmynd hefur náð inn í svefnherbergin okkar þegar við karlmenn upplifum okkur karlmannlega í ríkjandi stöðu en konur upplifa sig kvenlegar í víkjandi hlutverki. Þetta er af ýmsum fræðimönnum talin ein ástæða þess að stærsti heilsufarslegi áhættuþáttur kvenna í öllum þekktum samfélögum veraldar er ekki sjúkdómar eða slys heldur ofbeldi í nánum tengslum.

Núna þegar yfirráðahyggja mannkyns hefur orðið til þess að jöklar bráðna en haf súrnar og hækkar með vaxandi veðuröfgum sjáum við að mynd okkar af heiminum og hugmynd okkar um manninn hefur verið mjög röng. Aukin yfirráð munu ekki leysa vanda dagsins. Það sem við þurfum er öllu heldur haldgóð þekking á tengslum og samhengi. Og vegna þess að menningin hefur forritað hugsun okkar í tvö þúsund ár þannig að við speglum jörðina í konunni og konuna í jörðinni þá lýkst á sama tíma upp fyrir okkur hvað það er fáránlegt að nauðga. Menning okkar sem í árþúsund og ekki síst í kjölfar iðnbyltingarinnar hefur nauðgað náttúrunni og konunni – og líka börnum og karlmönnum sem ekki hafa völd – horfist allt í einu í augu við sjálfa sig með nýjum hætti.

**Þess vegna efast ég stórlega um að skammar-herferð DV á hendur nafngreindum einstaklingum sem nú fer með himinskautum sé til þess fallin að þoka þróuninni áfram.**

Kjarni #metoo-byltingarinnar er vitneskjan um það að kynbundið ofbeldi er menningarheilkenni. Ofbeldi felur alltaf í sér að skömm er flutt úr einum líkama yfir í annan og þar er kynferðisofbeldi skæðast. Nú eru uppgjörstímar og ekki að furða þótt hrikti í stoðum samfélagsins. Markmið okkar hlýtur að vera að breyta menningunni þannig að í stað skammarmiðaðra samskipta sem einkennast af yfirráðum komi samskipti byggð á tengslum þar sem virðing og samlíðun er í fyrirrúmi hvort sem við ræðum samskipti manns og náttúru eða kynferðisleg samskipti fólks. Í stað þess að líta svo á að lengi taki sjórinn við og að þolendur ofbeldis skuli bera skömmina þegjandi viðurkennum við núna í auknum mæli tengsl og samhengi allra hluta og skiljum að yfirgangur er allra tap.

Þess vegna efast ég stórlega um að skammar-herferð DV á hendur nafngreindum einstaklingum sem nú fer með himinskautum sé til þess fallin að þoka þróuninni áfram. Þeir víkja sér vissulega ekki undan því að setja orð á skömmina og gera það listavel, en þeir hafa engar lausnir að bjóða.

Samfélag sem kann bara að lýsa skömm en kann ekki skil á iðrun, yfirbót og fyrirgefningu verður ekki sjálfbært. Eins og vistkerfið getur ekki þrifist nema við endurnýtum efni, þannig mun samfélag manna ekki dafna ef við kunnum ekki að endurreisa fólk.




Nýr Touareg. Af hverju
að fara einhvern milliveg?
Frumsýndur í dag!
ZB E38
Nýr og öflugri Touareg er mættur.
Þægindin eru meiri en þú hefur áður kynnst og aksturseiginleikarnir engu líkir. Fjölmörg aðstoðarkerfi eru staðalbúnaður og í mælaborðinu finnur þú 12“ aðgerðaskjá með raddstýringu. Ný og framúrskarandi tækni í Touareg gera aksturinn enn betri, þægilegri og öruggari. Komdu og gæddu þér á léttum veitingum, hlustaðu á ljúfa jazztóna og skoðaðu nýjan Touareg í návígi milli klukkan 17 og 19 í dag í HEKLU Laugavegi 170-174.
Hlökkum til að sjá þig!
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
85 ÁRA
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

## Allt í járnum í Garðabænum




**Stálin stinn** Kristinn Freyr skorar hér mark Valsmanna í jafntefli gegn Stjörnunni í toppslag Pepsi-deildar karla í gær. Garðbæingum mistókst að saxa á þriggja stiga forskot Valsmanna þegar aðeins fjórar umferðir eru eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir úr leik Vals og Stjörnunnar er að finna á Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Við höfum verið lengi með augun á Þýskalandsleiknum

**Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta getur tryggt sér sæti á HM 2019 með sigri á Þýskalandi á laugardaginn. Glódís Perla Viggósdóttir segist hafa beðið leiksins með mikilli eftirvæntingu. Hún er meðvituð um styrkleika þýska liðsins. Glódís segir að íslenska liðið gæti vel við unað að ná jafntefli, þótt stefnan sé sett á sigur.**

**FÓTBOLTI** Glódís Perla Viggósdóttir skoraði bæði mörkin í 2-0 sigri Íslands á Slóveníu í síðasta leik kvennalandsliðsins í júní. Með sigrinum komst Ísland aftur á topp síns riðils í undankeppni HM og opnaði um leið á möguleikann á að tryggja sér sæti á HM með sigri á Þýskalandi á laugardaginn.

„Við vorum með frekar rólega æfingu á mánudaginn því flestir voru að spila um helgina. Það var meiri hraði á æfingunni í gær [í fyrradag] og svo verður taktísk æfing í dag [í gær],“ sagði Glódís í samtali við Fréttablaðið fyrir æfingu landsliðsins á Laugardalsvelli í gær.

Leiksins gegn Þýskalandi hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda mikið undir: sæti á HM í Frakklandi á næsta ári. Íslenska kvennalandsliðið hefur þrisvar komist á EM en aldrei á HM.

**Stærsti landsleikurinn**

„Við höfum verið lengi með augun á þessum leik. Þetta er stór leikur og algjör úrslitaleikur,“ segir Glódís. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún spilað 68 landsleiki. Hún segir að leikurinn gegn Þýskalandi sé stærsti leikur íslenska kvennalandsliðsins frá upphafi. „Ég held það, þetta er allavega sá stærsti sem ég hef tekið þátt í á mínum landsliðsferli,“ segir Kópavogsmærin.

**28**

**keppnisleiki íslenska landsliðsins í röð hefur Glódís spilað, þar af alla 27 keppnisleikina síðan Freyr Alexandersson tók við landsliðinu fyrir fimm árum.**

Ísland vann fyrri leikinn gegn Þýskalandi með þremur mörkum gegn tveimur. Síðan þá hafa orðið breytingar á þýska liðinu og það komið með nýjan þjálfara. En er þýska liðið á betri stað í dag en það var fyrir ári þegar það mætti því íslenska í Wiesbaden?

„Já, líklega. Þær eru búnar að skipta um þjálfara og með frábært lið. Þótt það vanti stór nöfn hjá þeim koma bara önnur inn í staðinn,“ segir Glódís. „Við þurfum að loka á þeirra styrkleika sem eru margir. Svo verðum við að nýta skyndisóknirnar sem við fáum.“

Þótt athyglin hafi óhjákvæmilega verið á leiknum gegn Þýskalandi á laugardaginn mætir Ísland Tékklandi þremur dögum síðar. Sá leikur gæti reynst mikilvægur ef



**Glódís skoraði tvö mörk í síðasta landsleik.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Íslendingar vinna ekki Þjóðverja. Jafntefli í leiknum á laugardaginn yrðu ágætis úrslit en þá þyrfti Ísland að vinna Tékkland til að tryggja sér farseðilinn á HM. Glódís segir að íslenska liðið spili til sigurs á laugardaginn en það sé meðvitað um að jafntefli gæti líka reynst dýrmætt.

„Við stefnum á sigur en ef þetta endar með jafntefli er það eitthvað sem við getum unnið með. En þá verðum við að vinna á þriðjudaginn,“ segir Glódís.

**Uppselt í fyrsta sinn**

Uppselt er á leikinn gegn Þýskalandi en þetta er í fyrsta sinn sem uppselt er á kvennalandsleik á Íslandi. „Það er nýtt og frábært fyrir íslenskar íþróttir að það verði fullur völlur. Það er gaman fyrir alla,“ segir Glódís. **ingvithor@frettabladid.is**

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Stjarnan - Valur x-x**

0-1 Kristinn Freyr Sigurðsson (13.), 1-1 Eyjólfur Héðinsson (35.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 39 | KA | 23 |
| Stjarnan | 36 | ÍBV | 22 |
| Breiðablik | 34 | Víkingur R. | 20 |
| KR | 30 | Fylkir | 19 |
| FH | 27 | Fjölnir | 16 |
| Grindavík | 24 | Keflavík | 4 |

**Inkasso-deild kvenna**

**Fylkir - ÍR 2-0**

1-0 Marija Radojicic (18.), 2-0 Bryndís Arna Níelsdóttir (93.).

## Jóhann missir af landsleikjunum

**FÓTBOLTI** Sean Dyche, knattspyrnustjóri Burnley, staðfesti í gær að meiðsli Jóhanns Berg Guðmundssonar gerðu það að verkum að hann myndi missa af landsleikjum Íslands sem eru fram undan.

Þá missir hann af leik Burnley gegn Olympiakos í dag í undankeppni Evrópudeildarinnar og stórleik gegn Manchester United í ensku úrvalsdeildinni um helgina.

Jóhann fór meiddur af velli á 19. mínútu í leik Fulham og Burnley um helgina vegna meiðsla aftan í kálfa. Mun hann ekki ná leikjum Íslands og er ekki ljóst hvenær hann kemst aftur út á völl.

Er þetta enn eitt áfallið fyrir Eric Hamrén, nýráðinn þjálfara karlalandsliðsins, fyrir fyrsta leik hans sem landsliðsþjálfari.

Ljóst var að hvorki Alfreð Finnbogason né Aron Einar Gunnarsson gætu tekið þátt vegna meiðsla. Þá er óljóst hvort Emil Hallfreðsson verði klár í tæka tíð eftir að hafa farið meiddur af velli um síðustu helgi í leik með Frosinone á Ítalíu. **– kpt**



**Son gæti þurft að sinna tveggja ára herþjónustu.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Sleppur við herþjónustu með sigri

**FÓTBOLTI** Son Heung-min og félagar í suðurkóreska landsliðinu eru komnir í úrslit Asíuleikanna þar sem þeir mæta Japan. Suður-Kórea vann 3-1 sigur á Víetnam í undanúrslitunum í gær.

Það er mikið undir í úrslitaleiknum á laugardaginn en með sigri sleppa Son og félagar við að sinna tveggja ára herþjónustu. Tvær leiðir eru fyrir suðurkóreska fótboltamenn til að sleppa við herþjónustu. Annars vegar með því að komast á verðlaunapall á Ólympíuleikum og hins vegar með því að vinna Asíuleikana.

Suður-Kórea vann Asíuleikana fyrir fjórum árum og þeir leikmenn sluppu við herþjónustu. Son lék ekki með á Asíuleikunum 2014 því hann fékk ekki leyfi frá Bayer Leverkusen til að leika með landsliðinu. **– iþs**



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Valur stóðst stærsta prófið í Garðabænum



**Ríkjandi Íslandsmeistarar Vals stóðust stærsta prófið þegar þeir náðu jafntefli gegn Stjörnunni í Garðabænum í gær. Þegar fjórar umferðir eru eftir eru Valsmenn með þriggja stiga forskot á Garðbæinga og með örlögin í eigin höndum.**







**» Þrátt fyrir að vera í titilbaráttu hefur heimavöllurinn ekki reynst Garðbæingum vel. Hafa þeir unnið fjóra leiki af níu og alls fengið fimmtán stig af 27 á Samsung-vellinum. Á útivelli hefur árangurinn verið betri, í níu leikjum hafa sex unnist, tveimur hefur lokið með jafntefli og einum verið tapað sem hefur skilað liðinu 20 stigum af 27 mögulegum.**

Frjáls framlög – enginn kostnaður!

SAMFERÐA GÓÐGERÐARSAMTÖK

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.
907 1083 – 3.000 kr.
907 1085 – 5.000 kr.
907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bóel Ágústsdóttir**

frá Svanavatni,

sem lést á Dvalarheimilinu Lundi, Hellu, þann 21. ágúst verður jarðsungin laugardaginn 1. september frá Voðmúlastaðakapellu, Austur-Landeyjum, klukkan 14.

**Viðar Marmundsson**
**Aðalheiður Viðarsdóttir Ottó Ólafur Gunnarsson**
**Bjarki Viðarsson Sigurbjörg Leifsdóttir**
**Guðbjörg Viðarsdóttir Jón G. Valgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku fallega stelpan okkar,

**Kristín Halldórsdóttir**

Dyngjuvegi 17, 104 Reykjavík,

lést á Barnaspítala Hringsins 24. ágúst síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Háteigskirkju mánudaginn 3. september kl. 11.00.

**Halldór Geir Jensson Birgitta Rut Birgisdóttir**
**Brynjar Bjarmi Halldórsson, Arnór Bjarki Halldórsson**
**ömmur, afar og fjölskyldur.**



Elskuleg vinkona okkar,

**Edith Jónsson**

hjúkrunarfræðingur,

lést á Droplaugarstöðum miðvikudaginn 22. ágúst 2018. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Gunna Magga og Steinunn Helgu**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls elskulegrar móður, tengdamóður og ömmu,

**Öldu Jóhannesdóttur**

frá Auðnum, Akranesi.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Höfða á Akranesi, fyrir hlýja og góða umönnun.

**Guðmunda Ólafsdóttir, Þröstur Stefánsson**
**Alda Þrastardóttir, Sigurbjörg Þrastardóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingveldur Stella G. Sveinsdóttir**

áður til heimilis að Skólabraut 3, Mosfellsbæ, nú síðast að Furugerði 1 og Hrafnistu Reykjavík,

lést fimmtudaginn 9. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks á deildum A2 og A7 á Landspítala í Fossvogi fyrir alúð og umhyggju.

**Sveinn Val Sigvaldason Úlfhildur Guðmundsdóttir**
**Steinar Val Sigvaldason Inga Rún Ólafsdóttir**
**Sigurlaug Val Sigvaldadóttir Páll Rúnar Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



**Sigrún Edda fjallkona á leið í ræðustól að flytja ljóð á Austurvelli 17. júní síðastliðinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Nú ætla ég að skemmta mér í heimsborginni

**Stórleikkonan Sigrún Edda Björnsdóttir er sextug í dag. Hún er stödd á Keflavíkurflugvelli á leið til Berlínar þegar í hana næst í smá símaspjall í tilefni afmælisins. Þetta er bara upptakturinn að enn lengri ferð, því hún stefnir til Suður-Afríku í framhaldinu.**

Berlín er í uppáhaldi hjá mér. Ég hef oft komið þangað áður, það er menningin og andrúmsloftið í borginni sem togar,“ segir Sigrún Edda Björnsdóttir leikkona hress. Hún er á leið úr landi þegar hringt er í hana og ætlar að vakna sextug í þýsku höfuðborginni.

*Skyldi hún vera með fríðan flokk með sér?*

„Við erum bara tvö, ég og maðurinn minn, hoppuðum bara í helgarferð og ætlum að hafa það kósí.“

Eiginmaður Sigrúnar Eddu er Axel Hallkell Jóhannesson, hönnuður og tónlistarmaður, betur þekktur sem Langi Seli. Sigrún trúir mér fyrir því að fljótlega muni þau líka skella sér til Suður-Afríku. „Við áttum nefnilega silfurbrúðkaupsafmæli, svo þetta er dálítið stórt ár hjá okkur og langar að skoða heiminn í tilefni þess. Verðum rúmar tvær vikur í Suður-Afríku, það veitir ekkert af því þegar farið er svona langt og á svona framandi slóðir. Svo tekur bara vinnan við, eins og gengur.“

**Við áttum nefnilega silfurbrúðkaupsafmæli, svo þetta er dálítið stórt ár hjá okkur.**

Sigrún kveðst fara í það að æfa hlutverk sitt í Ríkharði 3., jólaleikriti Borgarleikhússins, þegar hún komi heim úr langferðinni. „Það er nú ekkert slor,“ segir hún og bætir við: „Ég ætla að leika móður illmennisins, sem verður athyglisvert, ég á nefnilega svo yndisleg börn svo ég þarf að fara í heilmikla rannsókn. En Shakespeare leiðir mann alltaf á einhverjar slóðir sem hjálpa manni að skilja hlutina, þannig að þetta verður mjög spennandi. Svo tökum við aftur upp sýninguna Fólk – staðir – hlutir þannig að það verður nóg að gera, engu að kvíða með það.“

Sigrún útskrifaðist úr Leiklistarskólanum 1981 og hefur verið á sviðinu síðan. Það kveðst hún afskaplega þakklát fyrir, enda sé það ekkert sjálfgefið.

*Þreytist hún aldrei?*

„Nei, ef maður elskar ekki það sem maður gerir þá endist maður ekki, allra síst í þessum bransa. Þetta er töff bransi. Enda hef ég þurft að vera með aðra hluti á kantinum. Ef maður ætlar að gera leiklist að ævistarfi á Íslandi verður maður að vera líka með járn í öðrum eldum, eins og að skrifa, tala inn á teiknimyndir og leikstýra. En ég lít alltaf á leikkonuna sem aðalstarf.“

Börn Sigrúnar Eddu eru tvö, Guðrún Birna og Kormákur, mannvænleg börn, að sögn móðurinnar, en hvorugt fetaði listaslóðina. „Dóttir mín er verkefnastjóri hjá menntamálastofnun og sonur minn er stjórnmálafræðingur og vinnur hjá Alþingi, þannig að ég framleiði embættismenn,“ segir hún hlæjandi.

Ekki vil ég að væntanlegt afmælisbarn missi af flugvélinni svo ég óska Sigrúnu Eddu til hamingju með tímamótin og góðrar ferðar.

„Já, þakka þér fyrir. Nú ætla ég að skemmta mér í heimsborginni. Bless, bless.“ **gun@frettabladid.is**



Ástkær frænka og systir,

**Svava Sveinsína Sveinbjörnsdóttir**

frá Hnausum í Þingi, Fellsmúla 2, Reykjavík,

lést á Hrafnistu við Brúnaveg fimmtudaginn 23. ágúst sl. Útförin fer fram frá Þingeyraklausturskirkju í Austur-Húnavatnssýslu laugardaginn 8. september kl. 14.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ólafur R. Dýrmundsson**
**Jórunn S. Sveinbjörnsdóttir**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Halldór Skaftason**

veitingastjóri, fæddur 26.2. 1942,

lést á Landspítalanum laugardaginn 25. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Ína Gissurardóttir**
**Arna Björk Halldórsdóttir**
**Hallur Halldórsson Petra Sigurðardóttir**
**Sigurveig Halldórsdóttir Hermann Haukur Aspar**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

# Fólk

FIMMTUDAGUR 30. ÁGÚST 2018

Tíska



**Signý Sæmundsdóttir söngkona tekur vetrinum fagnandi ekki síst vegna þess að þá hittir hún gamla kunningja í klæðaskápnum.** →4



# Margt breytist við tíðahvörf

Guðrún Bergmann er brautryðjandi þegar kemur að náttúrulegum leiðum til að bæta heilsuna. Hún heldur kvöldnámskeiðið Tíðahvörf – kaflaskil í lífi kvenna mánudaginn 3. september. →2

Guðrún Bergmann mun fjalla um bætiefni og tilgang þeirra fyrir heilsuna á námskeiðnu. MYND/ERNIR




AFMÆLISGLEÐI

*Afmælis tilboð í verslun okkar og léttar veitingar*

*Hlökkum til að fagna með ykkur*

comma,

SMÁRALIND



Guðrún Bergmann segir að ýmsar fæðutegundir séu styrkjandi fyrir líkamann og heilaheilsuna. „Það eru líka þó nokkur bætiefni sem ég mæli með að taka til að létta þetta tímabil, bæði fyrir og eftir tíðahvörf.“ MYND/ERNIR

**Framhald af forsíðu ➜**

Konur hætta ekki bara að hafa blæðingar og missa getuna til að eignast börn við tíðahvörf. Það er ótal margt annað sem breytist þegar estrógen-framleiðsla minnkar. Hún hefur áhrif á aðra starfsemi líkamans, svo sem starfsemi heilans. Víða um heim hafa vísindamenn leitt líkur að því að við tíðahvörf byrji breytingar á heila sem geti leitt til Alzheimer-sjúkdómsins síðar á ævinni en í dag greinast helmingi fleiri konur en karlar með þennan sjúkdóm. Það er því mikilvægt að konur kynni sér vel hvaða breytingar tíðahvörf hafa í för með sér og geti þannig tekist á við þær,“ segir Guðrún Bergmann, sem er ötull talsmaður þess að fara náttúrulegar leiðir til að bæta heilsuna.

## Tilfinningasveiflur og svitakóf vegna tíðahvarfa

Konur fara á mjög mismunandi hátt í gegnum það ferli í lífi sínu sem tengist tíðahvörfum. „Í raun hefst það nokkru áður en blæðingar hætta alveg og svo tekur við tímabilið eftir að þær eru alveg hættar. Sumar konur svitna mikið og fá hitakóf við erfiðustu kringumstæður. Aðrar eiga erfitt með svefn. Enn aðrar verða þunglyndar og kvíðnar og loka sig jafnvel af og vilja sem minnst samskipti hafa við aðra,“ upplýsir Guðrún en eðlilegt er að tilfinningasveiflur séu miklar á þessu tímabili í lífi kvenna.

„Þótt mörgum konum leiðist hinn mánaðarlegi blæðingatími, er hann merki um frjósemi og möguleikann til að geta getið af sér afkvæmi. Við tíðahvörf endar það tímabil og á vissan hátt fylgir því ákveðin sorg, sem þarf að vinna úr og viðurkenna,“ segir Guðrún.

Hún bendir á að ýmsar fæðutegundir, eins og bláber og engifer, séu styrkjandi fyrir líkamann og heilaheilsuna. „Það eru líka þó nokkur bætiefni sem ég mæli með að taka til að létta þetta tímabil, bæði fyrir og eftir tíðahvörf, eins og Ultra B-12 sem eru B12 dropar í fljótandi formi, C-vítamín með rosehips, E-vítamín og CoQ10 frá NOW, svo eitthvað sé nefnt, en ég fjalla nánar um bætiefni og tilgang þeirra fyrir heilsuna á námskeiðinu,“ segir Guðrún.

> **Ég fjalla nánar um bætiefni og tilgang þeirra fyrir heilsuna á kvöld námskeiðinu.**

Heilsunnar vegna er líka skynsamlegt að hætta að borða unnin matvæli, að hennar sögn. „Hætta er á að í þeim leynist glýsófat sem skaðar meltingarveginn. Meltingarvegurinn hefur áhrif á heilastarfsemina og því er mikilvægt að hann sé í góðu lagi. Ég mæli með að taka daglega inn Probiotic-10 góðgerla frá NOW, til að halda jafnvægi á örveruflórunni í meltingarveginum svo hann vinni hlutverk sitt sem best,“ segir Guðrún.

## Bætiefni og fæða geta breytt miklu heilsunnar vegna

Beingisnun er eitt af þeim einkennum sem tengd hafa verið við tíðahvörf hjá konum, svo og ýmis önnur heilsufarsvandamál. „Sem betur fer er margt sem hægt er að gera til að takast á við þær breytingar sem verða við þessi tímamót og sporna við því að þau hafi eyðileggjandi áhrif á heilsuna á komandi árum,“ segir Guðrún.

Á kvöldnámskeiðinu, mánudaginn 3. september, mun Guðrún Bergmann fara nánar í allar fæðutegundirnar og fjalla um þau bætiefni sem styðja við aukin lífsgæði kvenna á efri árum.

Námskeiðið er haldið í fundarsal Icepharma að Lynghálsi 13, Reykjavík
**Hvenær:** Mánudaginn 3. september
**Tími:** Frá 20.00-21.30
**Verð:** 5.900 kr.
**Innifalið:** Námskeiðsgjald og gjafapoki frá NOW að verðmæti 3.000 kr.




**Women's Probiotics. Þrír mismunandi vinveittir góðgerlar sem eru sérstaklega góðir fyrir konur. Gerlarnir taka sér bólfestu á viðkvæmum svæðum kvenna og styðja við eðlilegt sýrustig.**




**E-vítamín hefur góð áhrif á hjarta og æðakerfi og er nauðsynlegt fyrir eðlilega starfsemi ónæmiskerfisins.**




**CoQ10 er talið auka blóðflæði og vera styrkjandi fyrir hjarta og æðakerfi. Einnig virðist Q10 virka mjög vel gegn einkennum vefjagigtar.**




**C-1000. C-vítamín er öflugt andoxunarefni og stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins. Það hjálpar til við að draga úr þreytu og lúa og er talið gott fyrir húð, bein og liði.**




**Probiotic-10 25 Billion. Góðgerlablanda með 10 mismunandi vinveittum góðgerlum í miklum styrkleika sem styðja við heilbrigða þarmaflóru og ónæmiskerfi.**




**B-12 Ultra er nauðsynlegt við myndun nýrra rauðra blóðkorna og skortur getur valdið blóðleysi, þrekleysi og síþreytu. Ultra B-12 liquid frá NOW inniheldur einnig hin B-vítamínin 1, 2, 3, 5 og 6.**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# NÝ VARA
## HAUST 2018




hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Appelsínugulur í uppáhaldi

Signý Sæmundsdóttir söngkona tekur vetrinum fagnandi ekki síst vegna þess að þá hittir hún gamla kunningja í klæðaskápnum.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is





Signý lítur björtum augum til vetrarins sem ber með sér marga skemmtilega tónleika - og vetrafataskápinn. MYNDIR/STEFÁN

Fatastíllinn minn er frekar klassískur þó mér finnist mjög gaman að klæðast litríkum fötum og óvenjulegum," segir Signý sem hefur verið meðal ástsælustu söngkvenna landsins um árabil. „Ég fylgi engum sérstökum stefnum eða straumum í tískunni eða fatakaupum en mér finnst gaman að skoða tískublöð og skoða falleg föt." Hún fjárfestir frekar í fatnaði sem endist vel og hægt er að nýta við fleiri en eitt tilefni.

„Mér finnst gaman að klæðast fötum sem er bæði hægt að klæða upp eða niður eftir tilefni," segir hún og tekur sem dæmi svarta kjólinn sem verður sparilegt kvölddress með réttum fylgihlutum og hæhæluðum skóm en er einnig hægt að nota hversdags með leggings og lágbotna.

„Þá er ég líka frekar nýtin á föt og á það til að draga fram einhverja „gamla" flík, jafnvel frá síðustu öld, sem er alveg í tísku í dag og ég var kannski búin að gleyma og nota hana aftur. Allt er móðins," segir hún og hlær.

Oft fá söngkonur á sig þann stimpil að hafa dramatískan og hástemmdan fatastíl, kannski vegna þess að í starfinu felst oft að klæða sig upp í síðkjól og uppsett hár. Signý segist þó ekki vera á þeim slóðum í klæðaburði nema rétt í vinnunni. „Gallabuxur og bolur eða annar þægilegur klæðnaður svona hversdags er alveg nauðsynlegur," segir hún en viðurkennir þó að vera ekki eins hrifin af svörtum fatnaði og margar íslenskar konur. „Mér finnst gaman að klæðast litríkum fötum og appelsínuguli liturinn er í uppáhaldi um þessar mundir því hann er bæði upplífgandi og orkugefandi," segir hún glaðlega. „Svo á ég líka ljósa jakkapeysu sem ég held mikið upp á úr versluninni Stíl í Síðumúla." Þá viðurkennir Signý einnig ákveðna fatafíkn. „Já, ég er með algjöra skódellu og get ekki gengið fram hjá skóbúð án þess að kíkja aðeins því það er alltaf möguleiki að finna eitt fallegt skópar. Maður á aldrei nóg af skóm!"

Haustið er annasamur tími hjá Signýju, bæði sem listakonu og kennara. „Nú er haustið að skella á og nóg að gera við að undirbúa vetrarstarfið. Skólarnir og kennslan að fara af stað og listalíf vetrarins að hefja sig til flugs. Þá dregur maður fram gamla kunningja úr skápnum, vetrarfötin, og þar á ég eitt dásamlegt skópar sem ég hlakka til að endurnýja kynni mín við."



Fatastíll Signýjar er klassískur en hún hefur þó gaman af litríkum og óvenjulegum fötum líka.



Appelsínugulur er í miklu uppáhaldi hjá Signýju og ljósa jakkapeysan úr Stíl fer einkar vel við léttan kjólinn.

### Ýmislegt spennandi er á döfinni

„Við Þrjár klassískar, sem eru ég, Björk Jónsdóttir og Jóhanna Þórhallsdóttir, ætlum að halda tónleika á sunnudaginn klukkan fjögur í Háteigskirkju ásamt kvartettinum „Útí vorið" en hann skipa Ásgeir Böðvarsson, Einar Clausen, Halldór Torfason og Þorvaldur Friðriksson. Meðleikarar eru þeir Bjarni Þór Jónatansson á píanó og Gunnar Hrafnsson á bassa. Við höfum ekki haldið tónleika saman síðan í Flatey á Skjálfanda árið 2001 svo það verður gaman að þessu." Aðdáendur þessara sönghópa geta kæst enda lofar Signý fjölbreyttri og skemmtilegri efnisskrá.

„Svo er ég að undirbúa tónleika í röðinni „Brautryðjendur" sem verða í október þar sem minnst verður þeirra söngvara sem ruddu brautina í söng og óperuflutningi á Íslandi. Farið verður yfir sögu þeirra í tali og tónum. Þannig að haustið byrjar með fínum upptakti og gefur tóninn fyrir skemmtilegan vetur."

LEIÐSÖGUNÁM
VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU
Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að Leiðsögn erlendra og innlendra ferðamann um Ísland.
- Flest stéttarfélög styrkja nemdur til náms.
- Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu.
**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferpamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samskipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landin, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.
**Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.**
**Umsögn:** Fyrir nokkrum áruð stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og virðingu sem okkur ber að sýna í því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila.
**Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.**

Guðrún Helga Bjarnadóttir
Ferðamálaskóli Íslands
The Icelandic School of Travel and Tourism
OPIÐ 8-22
Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

# Ný meðferð við kvíða og svefntruflunum

## Íslenska lyfjafyrirtækið Florealis setur á markað fyrsta lausasölulyfið á Íslandi við vægum kvíða og svefnvanda.

Það eru margir búnir að bíða eftir því að Sefitude komi í hillur lyfjaverslana, enda gífurlega margir sem eiga við kvíða eða svefntruflanir að stríða," segir Elsa Steinunn Halldórsdóttir, doktor í lyfja- og efnafræði náttúruefna og þróunarstjóri Florealis.

Jurtalyfið Sefitude inniheldur útdrátt úr rót garðabrúðu sem er viðurkennd lækningajurt og fellur undir lyfjalög. Um langa hríð hafa jurtalyf unnin úr garðabrúðu verið langvinsælustu jurtalyfin við svefnvandamálum í Bandaríkjunum og Evrópu.

### Dregur úr kvíða og taugaspennu og bætir svefn

„Garðabrúða á sér langa sögu og hefur verið mikið rannsökuð. Klínískar rannsóknir hafa sýnt fram á að rótin dregur úr vægum kvíða og taugaspennu auk þess að stytta tímann sem það tekur að sofna. Gæði svefns aukast einnig en sýnt hefur verið fram á að garðabrúða minnkar flakk á milli svefnstiga sem dregur úr því að fólk vakni oft upp á nóttunni. Það er algengt að fólk sem er undir miklu álagi upplifi kvíða sem kemur gjarnan fram á kvöldin og veldur því að fólk á erfitt með að sofna. Þá er Sefitude góður kostur þar sem það dregur úr kvíðanum og hjálpar fólki að festa svefn án þess að hafa mikil áhrif á frammistöðu eða daglegt líf. Góður svefn er sérstaklega mikilvægur þeim sem eru undir álagi en svefnleysi getur ýtt undir kvíða og vanlíðan. Það er mikilvægt að rjúfa vítahring svefnleysis og kvíða til að ná aftur jafnvægi," segir Elsa.

### Bylting fyrir neytendur

„Sefitude er í raun bylting fyrir íslenska neytendur því það er ekkert annað lyf á markaði gegn kvíða og svefntruflunum sem fæst án lyfseðils. Jurtalyfið þolist einnig mun betur en önnur svefn- og róandi lyf og er ætlað fólki allt frá 12 ára aldri. Við vitum að Sefitude verður vel tekið, enda er þörfin mikil og við erum ánægð með að geta loks boðið Íslendingum upp á þessa lausn," segir Elsa.

Sefitude er þriðja jurtalyfið sem kemur frá Florealis en áður hafa komið Lyngonia gegn endurteknum þvagfærasýkingum hjá konum og Harpatinum gegn vægum gigtar- og liðverkjum, auk annarra lækningarvara fyrir heilsu kvenna og húð. Allar vörur Florealis eru nú fáanlegar í íslenskum og sænskum apótekum.

**Jurtalyfið Sefitude inniheldur útdrátt úr rót garðabrúðu sem er viðurkennd lækningajurt og fellur undir lyfjalög. Um langa hríð hafa jurtalyf unnin úr garðabrúðu verið langvinsælustu jurtalyfin við svefnvandamálum í Bandaríkjunum og Evrópu.**

### Gagnlegar upplýsingar

Virkni Sefitude byggist upp yfir tíma og er lyfið ekki ætlað til að meðhöndla bráðan kvíða eða svefnleysi. Það er mælt með að taka Sefitude samfellt í 2-4 vikur til að ná fram hámarksvirkni. Sefitude er ekki fyrir börn yngri en 12 ára, þungaðar konur eða konur með barn á brjósti. Lyfið getur dregið úr hæfni til aksturs og notkunar véla. Lyfið skal geyma þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lyfið inniheldur súkrósa og maltódextrín.

Lyngonia er jurtalyf sem hefð er fyrir, notað til að draga úr einkennum vægrar, endurtekinnar sýkingar í neðri hluta þvagfæra, svo sem brunatilfinningu við þvaglát og/eða auknum þvaglátum hjá konum, eftir að alvarleg veikindi hafa verið útilokuð af lækni. Harpatinum er jurtalyf sem hefð er fyrir handa fullorðnum til að draga úr vægum gigtarverkjum og vægum meltingartruflunum (eins og uppþembu, vindgangi og tímabundnu lystarleysi). Þessi lyf eru jurtalyf sem hefð er fyrir og tilgreinda ábendingin fyrir notkun þess er eingöngu byggð á langri sögu um notkun lyfsins.

Lesa skal vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun og ráðfæra sig við lækni ef þörf er á. Nánari upplýsingar um lyfin má sjá á www.serlyfjaskra.is.

> **Rót garðabrúðu dregur úr vægum kvíða og taugaspennu auk þess að stytta tímann sem það tekur að sofna. Gæði svefns aukast einnig en garðabrúða minnkar flakk á milli svefnstiga sem dregur úr því að fólk vakni oft upp á nóttunni.**






„Sefitude er í raun bylting fyrir íslenska neytendur því það er ekkert annað lyf á markaði gegn kvíða og svefntruflunum sem fæst án lyfseðils," segir dr. Elsa Steinunn, þróunarstjóri Florealis. MYND/ERNIR

# Skartgripasmíði hentar öllum

**Hjá Viva Skart er hægt að sækja námskeið í skartgripasmíði og læra að gera glæsilega skartgripi úr silfri. Námskeiðin henta öllum sem vilja kynnast skartgripasmíði.**

Viva Skart býður upp á námskeið í skartgripasmíði sem henta hverjum sem er. Á daginn eru haldin námskeið fyrir eldri borgara, en á kvöldin eru haldin almenn námskeið fyrir alla aðra.

„Við smíðum nánast eingöngu úr silfri og ýmist kemur fólk með silfrið með sér eða kaupir það hjá okkur, það er allt til hér. Við notum líka mikið íslenska steina sem ég hef slípað. Úr þessu verða svo fyrirtaks skartgripir,“ segir Vífill Valgeirsson, sem kennir námskeiðið ásamt Leifi Jónssyni gullsmíðameistara.

„Hvert námskeið er sex skipti og við höfum aldrei fleiri en sex nemendur í einu, svo við getum sinnt öllum án þess að það sé bið,“ segir Vífill. „Námskeiðið gerir ekki ráð fyrir að fólk hafi grunn í handverki og hentar öllum sem hafa áhuga á að kynnast skartgripasmíði. Það geta þetta allir, aðalatriðið er bara að hafa aðgang að tækjum og hér fær fólk bæði leiðsögn og öll tæki. Alveg í byrjun gefum við fólki skylduverkefni til að þau kynnist efnunum og verkfærunum, en svo er þetta mjög frjálst og fólk fær bara hjálp til að gera það sem það vill.

Við kennum bæði hefðbundna smíði og eldmótun, þar sem við mótum silfrið með eldi og gerum það óreglulegra,“ segir Vífill. „Við höfum líka unnið svolítið með bein og horn og gert nytjahluti. Við erum í raun í alls kyns handverki sem tengist silfrinu og getum líka kennt fólki að gera víravirki, eins og er á íslenska þjóðbúningnum. Í vor kláraði ein kona að smíða allt silfur á þjóðbúning á námskeiði hjá okkur.

Námskeiðin hafa verið kennd í 15 ár og verið mjög vinsæl. Það er algengt að fólk haldi áfram eftir fyrsta námskeiðið og elsti hópurinn er búinn að vera hjá mér í 11 ár. Það eru eldri borgarar sem koma aftur á hverjum miðvikudegi vetrarins,“ segir Vífill. „Sum þeirra eru líka farin að smíða heima.

Það eru alltaf einhverjir sem selja gripina, en þeir eru líka oft gefnir að gjöf, til dæmis sem fermingargjafir eða jólagjafir,“ segir Vífill. „Þegar fólk er búið með svona námskeið hjá okkur getur það búið til mjög glæsilega skartgripi.“ Áhugasamir geta haft samband við Vífil í síma 8231479.


Vífill Valgeirsson og Leifur Jónsson halda námskeið í skartgripasmíði sem henta öllum. MYNDIR/EYÞÓR


Þessir stórglæsilegu skartgripir voru gerðir af nemendum á námskeiðinu.

# Skótískan 2018-2019

Þegar haust- og vetrartískan 2018-2019 var kynnt var eftir því tekið að klossaðir strigaeða íþróttaskór voru áberandi. Mörgum finnst þeir ljótir en þeir sem vilja fylgja tískustraumum sjást nú þegar á svona skóm.

Klossuðu skórnir sem líkjast hefðbundnum íþróttaskóm í útliti eiga að ganga jafnt við buxur sem kjóla. Þeir eru sömuleiðis bæði framleiddir fyrir konur og karla. Þetta eru dýrir skór enda gerðir af frægum tískuhönnuðum.

Það er ekki mikill elegans yfir þessum fótabúnaði, segir í tískutímaritinu Vogue. Engu að síður sjást helstu fyrirsætur heims í svona ljótum skóm, þar á meðal er Kendall Jenner, Kim Kardashian og Hailey Baldwin.

Myndirnar sýna hvernig þessi nýja skótíska lítur út.

**» Það eru ekki allir hrifnir af nýjustu skótísku sem tískuhönnuðir sýndu fyrir komandi haust og vetur. Hvað finnst ykkur?**


Marques Almeida sýndi þessa þykkbotna, klossuðu skó á tískuvikunni í London.


Skór frá Lacoste sem sýndir voru á tískuviku í París fyrir 2018-2019.


Með gylltum sóla frá N.2. Þessir skór voru sýndir á tískuviku í Mílanó.


Herraskór frá Y-3. Haust- og vetrartíska fyrir 2018-2019.









# Ráðstefnur og veisluþjónusta

FIMMTUDAGUR 30. ÁGÚST 2018

Kynningar: Grand Hótel Reykjavík, CenterHotels, g-events, Iðnó, Hótel Örk, Sigló Hótel, Valur veisluþjónusta, Hótel Kea



Grand Hótel Reykjavík er í hópi fimm stærstu aðila landsins þegar kemur að ráðstefnu- og fundarhaldi.

# Frábært haust á Grand Hótel Reykjavík

Ráðist hefur verið í ýmsar endurbætur á Grand Hótel Reykjavík sem miða að því að upplifun fundar- og ráðstefnugesta verði sem allra best. Sjaldan hefur jafn mikið verið bókað á þessum árstíma, ekki aðeins fundir og ráðstefnur heldur einnig í villibráðarhlaðborðið og svo jólahlaðborðið. →2



Grand Hótel Reykjavík er stærsta ráðstefnuhótel landsins.



Grand Hótel Reykjavík hýsir ráðstefnur og sýningar, fyrirtækjaviðburði, fundi, fyrirlestra og fleira.



Salvör Lilja Brandsdóttir, hótelstjóri Grand Hótel Reykjavík. MYND/ERNIR



Eftir að handverksbakaríið var tekið í notkun er farið að bjóða upp á nýbakað brauð á morgunverðarfundum.

**Framhald af forsíðu ➪**

Viðskiptavinir okkar vilja örugga og fagmannlega þjónustu. Við viljum vera vakandi og opin fyrir nýjungum höfum verið dugleg við að uppfæra þær vörur og þjónustu sem við höfum upp á að bjóða,“ segir Salvör Lilja Brandsdóttir, hótelstjóri Grand Hótel Reykjavík. „Fyrirtæki og stofnanir hafa haldið mikilli tryggð við Grand Hótel Reykjavík og við reynum að launa hana með því að bjóða reglulega upp á nýjungar. Starfsfólk okkar fer til að mynda utan með jöfnu millibili til þess að kynna sér allt það helsta sem er að gerast í veitingum, fundar- og ráðstefnuhaldi.“

Spurð hvort mikið sé um tískustrauma þegar kemur að fundarhöldum segir Salvör svo vera. „Það koma alls kyns bylgjur í ráðstefnu- og fundarhaldi. Til dæmis var eitt árið ekki hægt að halda fund án þess að boðið væri upp á grænan hollustudrykk. En við fylgjumst grannt með því sem er að gerast og viljum ganga í takt við nýjustu straumana hverju sinni.“

Grand Hótel Reykjavík hýsir á ári hverju fjölda viðburða, stóra sem smáa, í ellefu ráðstefnu- og fundarsölum hótelsins. Salirnir eru af öllum stærðum og gerðum, allt frá litlum sex manna fundarherbergjum og upp í stóra sali. Stærstu salirnir rúma allt að 470 sitjandi veislugesti og ríflega átta hundruð gesti í standandi móttöku. Þá má nefna að salurinn Háteigur var tekinn í notkun haustið 2017 sem liður í enduruppbyggingu hótelsins. Háteigur þykir einstaklega stílhreinn og fallega hannaður með stjörnuhimin í loftinu auk þess sem hann skartar einu lengsta skjávarpstjaldi landsins. Salurinn Gullteigur er enn á sínum stað, þannig að hægt er að velja um nokkra stóra sali eftir því hvert tilefnið er.

## Úlfar Finnbjörnsson kominn heim

Salvör segir að Grand Hótel Reykjavík sé í hópi fimm stærstu aðila landsins þegar kemur að ráðstefnu- og fundarhaldi og að hótelið sé stærsta ráðstefnuhótel landsins. Á hverju ári bætist í flóru viðskiptavina en hún segir hótelið einnig sérlega lánsamt þegar kemur að svonefndum fastakúnnum. „Við höfum í áraraðir haldið viðburði sem orðnir eru að föstum punkti í tilverunni hjá starfsfólki hótelsins og hlökkum alltaf jafn mikið til. Eins erum við sérstaklega ánægð með það hvernig haustið fer af stað hjá okkur. Mikið hefur verið bókað og ekki aðeins fundir og ráðstefnur heldur einnig í villibráðarhlaðborðið okkar og svo jólahlaðborðið.“

Villibráðarhlaðborð Grand Hótel Reykjavík hefur verið með þeim vinsælustu undanfarin ár eða frá því að matreiðslumeistarinn Úlfar Finnbjörnsson hóf að sjá um þau. „Það er ákveðin hátíðarblær sem leggst yfir þegar villibráðarhlaðborðið hefst. Þá er hausttímabilið komið á fullt, hóparnir flykkjast til okkar á kvöldin, kertaljósin loga, þetta er yndislegur tími.“

Salvör segir að villibráðarhlaðborðin hafi vakið gríðarlega lukku og hótelið því falast eftir kröftum Úlfars í eldhúsið. „Við erum sérlega stolt af því að Úlfar hafi ákveðið að „koma heim“ því það færir hótelinu alveg nýja vídd í matreiðslu. Einn fyrsti vinnustaður Úlfars eftir að hann útskrifaðist úr matreiðslunáminu var í eldhúsinu á Holiday Inn, forvera Grand Hótel Reykjavík að Sigtúni 38.“ Úlfar er margverðlaunaður matreiðslumaður og var í kokkalandsliðinu til margra ára. Hann keppti á Ólympíuleikunum í tvígang og hefur gefið út fjölmargar matreiðslubækur.

Með Úlfar sem leiðtoga í eldhúsi Grand Hótel Reykjavík hafa verið gerðar víðtækar breytingar á öllum matseðlum, hvort sem það eru veitingar fyrir fundi- og ráðstefnur eða árshátíðir. Þá segist Salvör einnig vera afskaplega ánægð með handverksbakarí hótelsins sem bakarameistarinn Ingibergur Sigurðsson stýrir. „Eftir að við tókum bakaríið í notkun getum við boðið upp á nýbakað brauð á morgunverðarfundum og í raun er flest allt sem við berum á borð fyrir gesti okkar unnið frá grunni.“ Einnig er í boði lífrænt vottaður morgunverður á hótelinu sem hægt er að panta fyrir fundi.



Útsýnið úr fundarsölunum Grand Hótel Reykjavík getur verið stórkostlegt.

## Landsliðin gista á Grand Hótel

Á Grand Hótel Reykjavík er ennfremur að finna heilsulind og líkamsræktaraðstöðu. Salvör segir að þessi góða aðstaða hafi meðal annars orðið til þess að landslið í íþróttum velji hótelið. „Við erum afar stolt af því að fjölmörg landslið annarra þjóða, úr öllum íþróttagreinum, velja að gista hjá okkur. Hér eru náttúrlega fundarsalir sem liðin nota til að skipuleggja sig auk þess sem við setjum upp prívat aðstöðu fyrir þau í heilsulindinni þar sem hægt er að fara í nudd, gufur og heita potta.“

Nánar er hægt að lesa um ráðstefnu- og fundaraðstöðuna á Grand Hótel Reykjavík á grandhotel.is

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumaður auglýsinga:** Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442 | **Veffang:** frettabladid.is



Það er upplifun að njóta veitinga og óviðjafnalegs útsýnis yfir sundin blá og borgina frá SKÝ Restaurant á Arnarhvoli.



Melissa Munguia er framkvæmdastjóri gistisviðs CenterHotels. Hún segir hótelin umvefja gesti sína í dekri og notalegheitum. MYNDIR/EYÞÓR

# Við látum okkur aldrei leiðast

CenterHotel er áfangastaður þeirra sem kjósa ánægjuleg fundar- og veisluhöld í fallegu umhverfi, þægilegu andrúmslofti og með dýrindis kost á milli fundarhalda.

CenterHotels samanstendur af sex glæsilegum hótelum og er frábær fundaraðstaða í þremur þeirra; Plaza, Þingholti og Miðgarði," upplýsir Melissa Munguia, framkvæmdastjóri gistisviðs CenterHotels.

„Centerhotel Plaza er á besta stað í bænum, beint fyrir framan Ingólfstorg. Það er tilvalið fyrir hópa utan af landi sem vilja halda fundi og jafnvel njóta gistingar í leiðinni. Fundarsali Plaza er hægt að stilla upp á ýmsa vegu, þar á meðal í U-laga uppröðun, kennslustofu og bíósal, auk annars ef óskað er eftir því," útskýrir Melissa, en öllum fundarsölum CenterHotels fylgir skjávarpi, flettitafla, minnisblokk, pennar, míkrófónn og internet.

„Á Plaza er dásamlegur bakgarður og þykir heillandi kostur að þurfa ekki að fara út af hótelinu til að fá sér frískt loft eða njóta samveru og næðis undir berum himni. Þá er vinsælt að fá girnilega fundarsalapakka í hléum, eins og kaffi, nýbakað bakkelsi og ferska ávexti með morgunkaffinu eða hádegisverð frá Ísafold Restaurant, þar sem hægt er að velja á milli fjögurra frábærra matseðla," segir Melissa.

Einnig er hægt að enda daginn í kvöldverði á veitingastaðnum SKÝ Restaurant & Bar sem er á 8. hæð CenterHotel Arnarhvols, við Skúlagötu, á ská á móti Hörpu.

„Á SKÝ er stórfenglegt að njóta útsýnis yfir miðborgina og Faxaflóa og það er jafn sláandi fagurt á sumri sem vetri. Senn fer í hönd norðurljósatímabilið og er ólýsanleg upplifun að sjá norðurljósin dansa á himni yfir SKÝ. Staðurinn er því rómantískur og lifandi, og hefur upp á ótal margt að bjóða. Hann er fádæma flottur fyrir veislur af ýmsu tagi, staðsetningin er frábær og hótelið vinsælt hjá ráðstefnugestum Hörpu vegna frábærrar staðsetningar og einstaks útsýnis til hafs og fjalla."



Salurinn á CenterHotel Þingholt er afar vinsæll til funda og einkasamkvæma.

## Vinsælt hjá vinkonuhópum

CenterHotel Þingholt er glæsilegt hönnunarhótel sem stendur við Þingholtsstræti.

„Hótelið er fágætur hönnunargripur," segir Melissa um Þingholt sem hefur 52 herbergi og glæsilegan sal sem tekur allt að fjórtán manns.

„Þingholt umvefur gesti sína og býr yfir heillandi flæði. Það er persónulegt og hentar vel litlum hópum sem vilja vera út af fyrir sig og hafa það notalegt í fallegu umhverfi. Salurinn er tilvalinn fyrir einkasamkvæmi, eða létta fundi sem tengja á við mat, enda er gengið beint af fundi inn í veitingasal Ísafold Restaurant og því ekki þörf á að fara af hótelinu til að fá sér ljúffengan hádegis- eða kvöldmat. Ísafold hefur líka verið vinsælt fyrir vinkonuhópa og saumaklúbba sem hafa sóst eftir að láta sér líða vel yfir mat og drykk á Ísafold en síðan farið yfir í salinn sem þær hafa haft út af fyrir sig og jafnvel farið saman í dekur og spa hótelsins.



CenterHotel Mikligarður er nútímalegt með litrík húsgögn og ferskan blæ.

## Hótel með verðlaunagarði

Nýjasta hótel CenterHotels er Miðgarður, efst á Laugavegi.

„Miðgarður er spennandi staður með veitingastaðnum Jörgensen Kitchen & Bar, spa og fundarsölum," segir Melissa um nútímalegt hótel sem ber með sér ferskan blæ, litrík húsgögn og létt yfirbragð.

„Í húsinu eru tveir salir sem hægt er að opna á milli og taka upp í sjötíu manns, en litli salurinn tekur tíu manns. Nóg er af almenningsbílastæðum við hótelið, sem er mikill kostur. Þá er hótelgarðurinn algjört listaverk og fékk á dögunum fegurðarviðurkenningu Reykjavíkurborgar fyrir glæsileik," segir Melissa stolt.

Í sumar hefur garðurinn verið nýttur fyrir alls kyns uppákomur og þar hafa líka verið haldnar veislur.

„Frá því í maí höfum við boðið upp á djass í garðinum, gestum okkar og gangandi til yndisauka. Við fundum þörf hjá fólki að upplifa eitthvað lifandi og létt snemma kvölds. Ljúf og lifandi tónlist mun því duna áfram í garðinum í vetur, á fimmtudögum frá klukkan 18 til 20."

Í Miðgarði er líka dásamlegt spa þar sem hægt er að fara í endurnærandi nuddmeðferðir. Þar er að finna heita potta bæði innandyra og utandyra í garðinum góða.

„Við bjóðum líka upp á vinsæla vínsmökkun fyrir hópa sem vilja upplifa eitthvað nýtt og öðruvísi. Það er gaman að kynnast víni og menningu hvers fyrir sig betur. Fjórar dagsetningar eru fastsettar fram að jólum en öllum er frjálst að hafa samband við okkur ef um séróskir daga er að ræða," segir Melissa og hlakkar mikið til haustsins.

„Við látum okkur aldrei leiðast á CenterHotels. Ef fólk vill gera eitthvað skemmtilegt, funda saman eða bara njóta lífsins á góðum stað er hægt að hafa samband við okkur á fundir@centerhotels.is. Við erum opin fyrir öllu og með eitthvað fyrir alla, vinnum með fólki og skoðum leiðir til að láta óskir þess rætast. CenterHotels er staður til að láta sér líða vel á og alltaf hægt að fullkomna dvölina með gistingu."

Nánari upplýsingar á centerhotels.is/fundir og á netfanginu fundir@centerhotels.is.





Hvers konar viðburðir, veislur og fyrirtækjaferðir verða ógleymanleg hjá g-events. Fyrirtækið annast viðburði um allt land og skipuleggur fyrirtækjaferðir til útlanda.

# Búa til einstaka upplifun

**g-events gerir árshátíðina eða brúðkaupsveisluna ógleymanlega. g-events tekur að sér allar tegundir viðburða af öllum stærðum.**

Vinnan okkar er ótrúlega skemmtileg og sú vinnugleði skilar sér til viðskiptavina okkar. Það eru forréttindi að fá að vinna við að búa til skemmtilegar upplifanir,“ segir Gunnar Traustason, framkvæmdastjóri g-events.

„Við tökum að okkur allar tegundir viðburða af öllum stærðum. Við komum að skipulagningunni að eins miklu eða litlu leyti og viðskiptavinurinn óskar. Ýmist kemur fólk með hugmyndir sínar til okkar og við útfærum viðburðinn í samvinnu. Við getum einnig séð um alla hugmyndavinnu sjálf og búið til viðburð og dagskrá frá grunni. Mestmegnis vinnum við fyrir fyrirtæki að viðburðum en tökum líka að okkur brúðkaupsveislur og afmæli. Við höfum planað mörg af flottustu brúðkaupunum sem haldin hafa verið á landinu,“ segir Gunnar. Ekkert verkefni vefjist fyrir starfsfólki g-events.

### Skapandi hugmyndavinna

„Starfsfólkið okkar er fjölbreyttur hópur afar skapandi einstaklinga sem hefur meðal annars tengingar inn í listir, hönnun og til Hollywood,“ segir Gunnar. „Aðdragandinn að verkefnunum er misjafn eftir stærð og tegund viðburðar. Fyrir erlenda viðskiptavini erum við að vinna með eins og hálfs árs, til tveggja ára fyrirvara en við höfum líka fengið ósk um að undirbúa brúðkaupsveislu með tveggja daga fyrirvara hér heima. Það er reyndar mjög óvenjulegt, en við björguðum því að sjálfsögðu,“ segir Gunnar.

### Veislur á herrasetri

g-events skipuleggja viðburði um allt land. „Við skipuleggjum einnig fyrirtækjaferðir til útlanda og leggjum ávallt áherslu á að upplifun hópsins verði einstök. Við leitum til dæmis uppi veislusali í gömlum herrasetrum og reynum að finna staði sem eru framandi Íslendingum, frekar en að bjóða í veislu í hefðbundnum hótelsal sem gæti allt eins verið á Íslandi,“ segir Gunnar.



Úlfhildur, Íris og Gunnar skipuleggja viðburði g-events.

> **Starfsfólkið okkar er fjölbreyttur hópur afar skapandi einstaklinga sem hefur meðal annars tengingar inn í listir, hönnun og til Hollywood.**
>
> Gunnar Traustason

Nánari upplýsingar er að finna á www.g-events.is.

# Góður undirbúningur lykilatriði

**Ræðuhöld fyrir framan fullan sal af fólki geta tekið á taugarnar. Sviðsskrekkur þarf þó ekki að vera alslæmur ef hægt er að virkja stressið á jákvæðan hátt. Æfing og undirbúningur skiptir öllu máli.**

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Æfing. Mikilvægt er að undirbúa fyrirlesturinn eða ræðuna vel, kunna efnið helst utan að og flytja það upphátt nokkrum sinnum áður en stigið er í pontuna. Best væri að fá að æfa sig í salnum þar sem ráðstefnan eða veislan á að fara fram ef það er mögulegt. Ekki gleyma að æfa pásur og þagnir til áhersluauka.

### Nýttu taugatitringinn sem orku

Með því að spila hressa tónlist á háum styrk og jafnvel skella í sig sterku kaffi eða orkudrykk, rétt fyrir ræðuhöldin má virkja stressið og nota það sem jákvæða orku og hressleika.

### Taktu eftir hvernig aðrir halda ræður

Á stórri ráðstefnu gæti verið sniðugt að fylgjast með öðrum fyrirlesurum og sjá hvernig salurinn bregst við. Er stemmingin létt og auðvelt að fá fólk til að hlæja eða er hún formföst og stíf?

### Mættu snemma

Það er ekki skynsamlegt að auka á stressið með því að skipuleggja tímann tæpt. Það er betra fyrir taugarnar að hafa einhverja stund til að undirbúa sig, geta skoðað salinn og mátað sig uppi á sviðinu.

### Jákvæðar hugsanir

Sjáðu sjálfa/n þig fyrir þér á sviðinu geisla af öryggi og að þú fáir fólk til að hlæja og klappa í salnum.



Gott er að sjá sjálfan sig fyrir sér geisla af öryggi á sviðinu.

> **Ef tækifæri gefst er upplagt að ganga á milli fólks í salnum, spjalla og heilsa með handabandi áður en kemur að ræðunni.**

### Andaðu djúpt

Vöðvar stífna þegar við erum stressuð, okkur hættir til að anda grunnt og hratt eða halda niðri í okkur andanum. Nokkrir djúpir andardrættir ættu að losa um spennuna.

### Brostu

Glaðlegt viðmót virkar vel og afslappandi á áhorfendur. Manni líður einnig sjálfum betur brosandi.

### Spjall

Ef tækifæri gefst er upplagt að ganga á milli fólks í salnum, spjalla og heilsa með handabandi áður en kemur að ræðunni. Þannig fá áhorfendur góða tilfinningu fyrir þér og langar að heyra hvað þú hefur að segja.

### Hreyfing

Skynsamlegt er að skella sér í ræktina eða stunda einhverja hreyfingu daginn sem ræðuhöldin fara fram. Það eykur endorfínframleiðslu líkamans og slakar á taugunum.

### Áhrifamiklar stöður

Þegar við setjum okkur í stellingar sem sýna sjálfsöryggi fylgir hugurinn með. Áður en kemur að ræðuhöldunum ætti því að standa upp, ganga um og bera höfuðið hátt en ekki sitja í keng og naga neglurnar þar til nafnið þitt er kallað upp.

### Ekki streitast á móti sviðsskrekknum

Það þýðir ekkert að velta sér upp úr því hvort allir í salnum sjái taugatitringinn. Hafa frekar í huga að stressið er ekki alslæmt og það má umbreyta því í jákvæða orku og ákafa sem smitar út frá sér til áhorfenda.

# Glæsilegir veislusalir og alhliða viðburðaþjónusta

**Á Tjarnarbakkanum í hjarta miðbæjarins stendur hið fornfræga hús Iðnó sem stendur öllum opið og er kjörið til alls konar samkomuhalds, allt frá smærri fundum til fjölmennra stórafmæla.**

Í Iðnó er hægt að halda ráðstefnur, fundi, einkasamkvæmi, brúðkaup, erfidrykkjur, tónleika og alla mögulega listviðburði," segir Eva R. Gústavsdóttir, viðburðastjóri hjá Iðnó, og bætir við að í Iðnó séu tveir veislusalir. „Þeir eru misstórir, hátíðarsalurinn á neðri hæðinni tekur allt upp í 120 manns í sitjandi borðhald en svo er hægt að hafa upp í 290 gesti í standandi veislum, móttökum og tónleikum. Í sitjandi tónleikauppsetningu er pláss fyrir 175 manns." Efri salurinn er töluvert minni en tekur um 50 í sæti í sitjandi borðhald en allt að 80 í standandi veislu. Eva tekur fram að bæði sé hægt að leigja salina sinn í hvoru lagi og saman. „Það geta verið ólíkir viðburðir í gangi á efri hæð og neðri hæð," segir hún en tekur fram: „En fyrir stærri viðburði leigjum við salina saman. Þegar við erum með brúðkaup í húsinu er ekkert annað í gangi á meðan og eins þegar það eru tónleikar."



Í hátíðarsalnum geta 120 setið að snæðingi en allt að 290 staðið. Ef stólum er raðað í leikhúsuppsetningu tekur salurinn 175 í sæti. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

## Ferskasta hráefni sem völ er á

Iðnó býður ekki bara upp á glæsilega veislusali heldur er þar hægt að ganga að mikilli þekkingu á skipulagi viðburða og metnaðarfullu eldhúsi. „Okkur finnst mikilvægt að bjóða upp á alhliða þjónustu, ekki bara veisluþjónustu," segir Eva sem hefur mikla reynslu af skipulagi viðburða og nýtur þess að vinna með þeim sem vilja halda veislu í Iðnó. „Við getum aðstoðað við skipulagningu frá upphafi, sama hvers eðlis viðburðurinn er. Þá erum við með stórt iðnaðareldhús og veitingarnar sem koma frá okkur eru alltaf úr ferskasta hráefni sem völ er á hverju sinni og allt er gert og eldað jafnóðum. Við hitum ekkert upp. Svo vinnum við mikið með grænmeti og notum ferskasta árstíðabundna grænmetið hverju sinni. Yfirkokkurinn fer mikið í veiði og veiðir bæði silung og lax og notar það sem hann veiðir sjálfur í matreiðsluna. Við erum með nokkra matseðla sem tillögur en við getum unnið út frá hverju sem er og getum í raun gert hvaða mat sem er. Við reynum að gera þetta svolítið persónulegt og finnst gaman að þróa matseðla með viðskiptavinum okkar."

## Allt sem þarf

Í Iðnó er hægt að fá allt sem þarf í veisluna og fólk er líka velkomið með eigin hluti og skreytingar. „Við erum með dúka og borð, bæði hringborð og langborð og ef fólk vill leigja eitthvað sérstaklega, kannski aðra stóla eða tauservíettur, þá sjáum við alveg um það allt, sækjum, komum í hús, göngum frá og skilum. Við erum með sérpöntuð blóm sem við fáum vikulega en ef fólk er með séróskir varðandi blómaskreytingar verðum við að sjálfsögðu við því. Svo er fólki auðvitað velkomið að koma með eigin skreytingar."

Salirnir í Iðnó eru einkar glæsilegir en líka sérlega vel tækjum búnir. „Við erum líka með allan tæknibúnað í húsinu, skjávarpa, skjá, þráðlausa hljóðnema og góða lýsingu og það er tæknimaður í húsinu sem þekkir inn á allt," segir Eva og bætir við: „Við höfum möguleika til að taka við viðburðum af öllum gerðum og stærðum, allt frá fimmtán manna fundi yfir í 200 manna standandi afmælisveislu með hljómsveit og plötusnúði og skemmtiatriðum. Svo erum við með góðan flygil og auðvitað stórt svið í hátíðarsalnum."



Iðnó hentar fyrir alla mögulega viðburði og hægt er að leigja salina saman eða sitt í hvoru lagi.





Minni salurinn tekur 50 manns í sitjandi borðhald og 80 í standandi veislu og er hann einkar glæsilegur.

**Iðnó er fallegt hús á besta stað í bænum og notalegt að koma við í kaffi og kynna sér það sem er á döfinni.**



## Opið og aðgengilegt hús

Iðnó er með elstu og sögufrægustu húsum í Reykjavík og staðsetningin á engan sinn líka í borginni. Eva segir að rík áhersla sé lögð á að leyfa sem flestum að njóta þess sem húsið býður upp á. „Við viljum hafa Iðnó opið og aðgengilegt hús. Við reynum að vinna mjög mikið með listamönnum, erum með stúdíó og sérstaka vinnuaðstöðu fyrir þá, við höfum líka verið að bjóða listamönnum að vera með gjörninga og erum með fasta listahópa sem setja reglulega upp sýningar," segir Eva og nefnir sem dæmi Rauða skáldahúsið. „Svo erum við með tangó og salsa einu sinni í viku, tangó á þriðjudögum og salsa á miðvikudögum, og fleiri opna viðburði. Við tökum til dæmis þátt í Iceland Airwaves í ár," segir Eva en hægt er að sjá dagskrána á plakati sem hangir í fordyri Iðnó.

*En hvernig er best að bera sig að við bókanir?*

„Það er mjög auðvelt að ná í okkur með því að senda tölvupóst á info@idnorvk.is," segir Eva og bendir enn fremur á heimasíðuna idnorvk.is. fyrir allar nánari upplýsingar.

**„Við reynum að gera þetta svolítið persónulegt og finnst gaman að þróa matseðla með viðskiptavinum okkar.**

Eva R. Gústavsdóttir



Í junior svítunum er svefnherbergi fyrir innan aðalrýmið og svalir eða pallur.



Aðalgerði, stærsti fundarsalurinn á Hótel Örk, er afar bjartur og fallegur og hentar vel fyrir alls kyns fundi og veislur.

# Stórfelldar endurbætur á Hótel Örk

**Það hafa verið gerðar miklar endurbætur á Hótel Örk í Hveragerði undanfarið. Búið er að endurnýja stærsta fundarsal hótelsins, opna nýjan veitingastað innanhúss og bæta við heilli álmu með 78 nýjum herbergjum.**

Hótel Örk er stærsta funda- og ráðstefnuhótel utan höfuðborgarsvæðisins og þar er góð og fjölbreytt funda- og veisluaðstaða,“ segir Jakob Arnarson hótelstjóri. „Við sinnum líka hvers kyns veisluþjónustu, hvort sem það er árshátíð, ferming, erfidrykkja, afmæli, útskrift, kaffihlaðborð eða annað og getum því tekið á móti fundum, ráðstefnum og veislum af öllum stærðum og gerðum.

Alls höfum við sjö ólíka sali, sem henta ólíkum þörfum,“ segir Jakob. „Við erum með fjóra fullbúna fundarsali og þrjá minni. Stærsti salurinn okkar, Aðalgerði, var endurnýjaður fyrir ári, útlit hans var endurbætt og nú er hann búinn öllum nýjasta tæknibúnaði sem þarf til fundarhalda. Þar er þráðlaust net, myndvarpi, sýningartjald, fullkomið hljóðkerfi og ræðupúlt. Salurinn er afar bjartur og fallegur og hentar sérstaklega vel fyrir fundi af ýmsum stærðum, en líka fyrir alls kyns veislur. Hinir salirnir eru svo minni en Aðalgerði og viðskiptavinir geta einfaldlega valið þann sal sem hentar þeirra þörfum best.“



**„Stórglæsilegu nýju svíturnar okkar henta sérstaklega vel fyrir brúðhjón eða aðra sem vilja gera vel við sig.**

**Jakob Arnarson, hótelstjóri**

### Frábær veitingastaður fyrir alla fjölskylduna

„Við bjuggum til nýjan veitingastað á hótelinu sem heitir HVER. Það var gert samhliða öðrum endurbótum á hótelinu, sem hafa staðið yfir síðustu þrjú árin,“ segir Jakob. „Þar leggjum við áherslu á úrvals mat og þjónustu fyrir alla fjölskylduna á sanngjörnu verði. Við höfum fjölbreyttan matseðil og bjóðum upp á góða íslenska matargerð með evrópsku ívafi. HVER sinnir líka veisluþjónustu fyrir samkomur á hótelinu.“

### Byggðu glæsilega nýja álmu

„Við byggðum nýja álmu við hótelið. Við byrjuðum á henni í júní á síðasta ári og tókum hana í notkun í maí á þessu ári. Þar eru 78 ný herbergi, þar af eru 68 superior herbergi, átta junior svítur og tvær glæsilegar svítur,“ segir Jakob. „Þessi superior herbergi eru í öðrum flokki en herbergin sem eru í gömlu álmunni. Þar er lögð mikil áhersla á hönnun og útlit og herbergin eru stærri, um 27 fermetrar. Svo erum við með junior svítur sem eru 33 fermetrar og svítur sem eru 55 fermetrar. Þessi herbergi eru að sjálfsögðu búin öllum nýjustu og bestu þægindum.

Í superior herbergjum er tvöfalt rúm, vinnuborð og stóll og setusvæði við gluggann, sem er stór og nær alveg til gólfs, svo herbergin eru björt og þaðan er gott útsýni,“ segir Jakob. „Í junior svítunum er aðalrými og svo svefnherbergi fyrir innan það. Í aðalrýminu er svefnsófi, flatskjár og vinnuborð og það er ýmist hægt að fara út á svalir eða pall fyrir utan herbergið. Í svefnherberginu er svo tvöfalt rúm og annar flatskjár.

Stórglæsilegu nýju svíturnar okkar henta sérstaklega vel fyrir brúðhjón eða aðra sem vilja gera vel við sig,“ segir Jakob. „Í herbergjunum eru tveir þakgluggar og annar þeirra er beint fyrir ofan rúmið til að hægt sé að njóta stjörnubjartra nótta eða norðurljósa. Í svítunum eru tvö baðherbergi, bæði sturta og baðkar, fataherbergi, svefnherbergi með stóru hjónarúmi og aðalrými sem geymir stóran flatskjá, sófa, vinnuborði og barborði. Auk þess eru svalir með frábæru útsýni til norðurs og suðurs. Öll hönnunin er sérlega glæsileg, enda var leitast við að hafa allan aðbúnað sem allra bestan.“



Nýju superior herbergin eru mjög björt og hafa gott útsýni.



Veitingastaðurinn HVER er ný viðbót við Hótel Örk, en þar er boðið upp á úrvals mat og þjónustu á sanngjörnu verði.


TUNGLIÐ
VEISLUSALUR
ER VEISLA FRAMUNDAN?
Nýr og glæsilegur veislusalur - Frábær staður fyrir allar gerðir af veislum
Tunglið veislusalur - Lækjargötu 2a - 101 Reykjavik - Simi 852 0800 - info@tunglidveitingar.is - www.tunglidveitingar.is
KJALLARINN
á HARD ROCK
FERMINGAR
BRÚÐKAUP
AFMÆLI
NÁMSKEIÐ
ÁRSHÁTÍÐIR
FYRIRTÆKJAPARTÝ
FUNDIR
RÁÐSTEFNUR
TÓNLEIKAR
& AÐRIR VIÐBURÐIR
FRÁBÆR STEMNING OG MATUR Í ÖÐRUVÍSI UMHVERFI
Vönduð þjónusta, glæsilegur salur, fullkominn tækjabúnaður, mynd- og hljóðkerfi.
Hard Rock
CAFE
REYKJAVIK
Sími 5 600 888
hopar@hrcreykjavik.com

# Fundað í notalegu andrúmslofti á Siglufirði

**Sigló Hótel býður stóra og litla funda- og ráðstefnuhópa velkomna í notalegheitin og náttúrufegurðina á Siglufirði. Vel útbúnir fundarsalir, falleg hótelherbergi, góður matur og fjölbreytt afþreying er meðal þess sem gestir geta notið meðan á dvöl þeirra stendur.**









Aðstaðan til fundarhalda er til fyrirmyndar á Sigló Hótel. Boðið er upp á nokkra góða fundarsali, ljúffengar veitingar og fjölbreytta afþreyingu.

Við hjá Sigló Hótel höfum mikla reynslu af því að halda ráðstefnur og fundi enda höfum við tekið á móti allmörgum misstórum hópum, bæði erlendum og innlendum, frá því hótelið var opnað sumarið 2015," segir María Petra Björnsdóttir verkefnastjóri hjá Sigló Hótel.

Aðstaðan til fundarhalda er til fyrirmyndar. Boðið er upp á fjóra fundarsali, einn á efri hæð Sigló Hótels og þrjá til viðbótar í um mínútu göngufjarlægð frá hótelinu, á Kaffi Rauðku og í Bláa húsinu. Fundarsalurinn á hótelinu tekur fimmtíu manns í sæti við borð en mun fleiri ef borðum er sleppt. Stóri salurinn á Kaffi Rauðku getur tekið 150 manns í sæti við borð og salurinn í Bláa húsinu tekur um hundrað manns í sæti við borð. Þá er minni salur á efri hæð Kaffi Rauðku sem hentar vel fyrir minni fundi. „Allir salirnir okkar hafa að geyma hágæða hljóðkerfi og skjávarpa," lýsir María Petra.

### Ljúffengar veitingar

Gestir Sigló Hótels geta valið úr fjölbreyttum veitingum í Hafnarþorpinu svokallaða við smábátahöfnina en eigendur hótelsins reka þrjá veitingastaði; Kaffi Rauðku, Hannes Boy og hótelveitingastaðinn Sunnu. Daglega er boðið upp á morgunverðarhlaðborð á hótelinu og veitingastaðurinn Sunna er opinn á kvöldin. Á Hannes Boy er boðið upp á hádegisverðarseðil og kvöldverðarseðil. „Fyrir hópa erum við með mikið úrval af matseðlum og hlaðborðum að velja úr. Þá getum við líka sérsniðið matseðla eftir óskum hvers hóps."

### Góður svefn

Hótelherbergin á Sigló Hótel eru björt og nútímaleg en samt sem áður afar hlýleg. Öll herbergin eru með dásamlegt útsýni yfir bæinn, fjöllin eða höfnina. Herbergin eru 68 og ef vel er raðað geta alls 136 manns gist þar í einu. Hægt er að velja á milli nokkurra ólíkra herbergjagerða, classic, classic með útsýni yfir smábátahöfnina, superior með sjávarútsýn og deluxe auk þess sem á hótelinu eru tvær svítur og ein junior svíta.

### Fjölbreytt afþreying

Vel er tekið á móti hópeflishópum á Sigló Hótel. „Við sérsníðum dagskrá og afþreyingu að hverjum hópi fyrir sig," segir María Petra en tekið er á móti ráðstefnu- og fundahópum allt árið um kring enda nóg um að vera bæði sumar og vetur. „Á hótelinu er heitur pottur og sána og við getum til dæmis boðið upp á vínsmökkun og bjórsmökkun. Svo er mikið hægt að gera í Fjallabyggð. Hér er boðið upp á kajakferðir, bátsferðir, sæþotuferðir, hestaferðir, fjallgöngur með leiðsögn, hjólaferðir og margt fleira. Þá er glænýr níu holu golfvöllur í bænum sem var opnaður nú í sumar. Á veturna er hægt að fara á skíði og í vélsleðaferðir eða í snjóþrúgugöngu með leiðsögn," telur María Petra upp. Hún bendir einnig á að í bænum sé að finna bjórverksmiðju, súkkulaðikaffihús, fjölmörg gallerí og söfn. „Það er sem sagt nóg hægt að gera í Fjallabyggð," segir María Petra og segir öllum hjartanlega velkomið að hafa samband.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.siglohotel.is.










# Vönduð **húsgögn** og **hurðir**
## - fyrir hótel, gistiheimili og smáíbúðir



Hótelhurðir
- allt að 47dB og EICS90



- Náttborð
- Höfðagaflar
- Rúm
- Skrifborð
- Skápar
- Töskustandar
- Stólar
- Sófar

Ítölsk gæðahönnun og framleiðsla á hagstæðu og góðu verði. Vandaðar, sérhannaðar lausnir sem uppfylla allar kröfur og staðla. Fjölbreytt úrval í útliti og litum. Viðaráferðir með sterku og endingargóðu yfirborði.

IDEX

www.idex.is

Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700 - idex@idex.is

# Persónuleg tengsl skipta miklu máli

Erlendar ráðstefnur skipta mjög miklu máli þegar kemur að því að auka hróður íslenskrar popp- og rokktónlistar á erlendri grundu. Þar gegna starfsmenn ÚTÓN afar mikilvægu hlutverki.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Íslenskt tónlistarfólk nýtur sífellt meiri vinsælda í útlöndum og um leið hækkar hlutfall erlendra gesta á stærstu tónlistarhátíðunum hér á landi með hverju árinu. Einn liður í því að auka hróður íslensks tónlistarfólks erlendis og gera veg íslenskra tónlistarhátíða sem mestan er að sækja ýmsar ráðstefnur erlendis og þar er starfsfólk Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) í lykilhlutverki.

Næsta stóra verkefni ÚTÓN er um miðjan septembermánuð en þá halda nokkrir starfsmenn ásamt starfsmönnum fjögurra íslenskra tónlistartengdra fyrirtækja til Þýskalands þar sem þau munu sækja Reeperbahn-hátíðina. Hún er að mörgu leyti lík Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni þar sem ráðstefna fer fram um daginn en kvöldin eru undirlögð fjölbreyttum tónleikum segir Anna Ásthildur Thorsteinsson, verkefnastjóri hjá ÚTÓN.

## Mikilvægasta ráðstefnan

Reeperbahn-hátíðin í september er ein af þremur ráðstefnum sem starfsmenn ÚTÓN sækja árlega. Anna Ásthildur segir hana vera mikilvægustu tónlistarráðstefnu og „showcase“ hátíð í Þýskalandi sem sé stærsti tónlistarmarkaður

> Við förum til dæmis á fyrirlestra um þýska markaðinn og í heimsóknir til stórra þýskra tónlistarfyrirtækja.

Evrópu og sá þriðji stærsti í heiminum. „Norsku, sænsku og finnsku útflutningsskrifstofurnar senda líka nokkur fyrirtæki þannig að þetta verða um 20 norræn fyrirtæki samtals í norrænu samstarfi sem við munum stýra. Auk þess munum tvö íslensk bönd koma fram þar, Hugar og Milkywhale.“

Hún segir starfsmenn ÚTÓN sinna mjög markvissri tengslamyndun við önnur tónlistarfyrirtæki á GSA-svæðinu svonefnda sem inniheldur þýskumælandi löndin Sviss og Austurríki auk Þýskalands. „Við förum til dæmis á fyrirlestra um þýska markaðinn og í heimsóknir til stórra þýskra tónlistarfyrirtækja. Vonin er að mynda þarna ný tengsl, styrkja gömul tengsl, læra eitthvað nýtt og þjappa saman íslenska og norræna bransanum í leiðinni.“

## Langir vinnudagar

Hún segir íslensk tónlistarfyrirtæki þurfa í flestum tilfellum að huga vel að erlendum viðskiptum til þess að ná að vaxa og dafna. „Góður árangur veltur svolítið mikið á persónulegum tengslum fólks í greininni og þau tengsl myndast nær alltaf erlendis. Í þessum ferðum er því vinnudagurinn mjög langur svo hægt sé að nýta tímann sem allra best og fyrir vikið gefst lítill tími til skoðunarferða.“

Hún hefur því samanburð á ráðstefnuhaldi erlendis og hér á landi og að hennar mati eru Íslendingar að standa sig frekar vel. „Þar má til dæmis nefna að Iceland Airwaves og ÚTÓN hafa verið að byggja upp ráðstefnu samhliða tónlistarhátíðinni í nokkur ár og það hefur gengið mjög vel. Ég mundi þó segja að hún sé aðeins óformlegri en þessar sem eru í útlöndum en það tel ég bara vera af hinu góða.“

## Airwaves tekur við

Eftir viðskiptaferðina til Þýskalands í september fer öll orka starfsmanna ÚTÓN í að undirbúa Iceland Airwaves sem haldin verður í nóvember. „Það höldum við áfram að reyna að tengja saman íslenska tónlistarmenn og fagaðila við þá erlendu aðila sem koma hingað til lands til að skoða hvað er helst að gerast í íslenskri músík. Eftir það tekur við stórt markaðsátak í Bandaríkjunum og áframhaldandi uppbygging innviða á íslenska markaðinum.“



„Vonin er að mynda þarna ný tengsl, styrkja gömul tengsl, læra eitthvað nýtt og þjappa saman íslenska og norræna bransanum í leiðinni,“ segir Anna Ásthildur Thorsteinsson, verkefnastjóri hjá ÚTÓN. MYND/ANTON BRINK



# Glæsileg aðstaða í Fjósinu að Hlíðarenda

**Fjósið að Hlíðarenda var opnað aftur eftir gagngerar breytingar 25. maí sl., en þá voru liðin 150 ár frá fæðingu séra Friðriks Friðrikssonar. Þar er nú boðið upp á veislu- og ráðstefnusali í fallegu umhverfi.**



Góð aðstaða er í Fjósinu fyrir smærri fundi og ráðstefnur til útleigu.



Glæsilega innréttaður bar er í Fjósinu.



Umhverfið í Fjósinu er glæsilegt eftir uppbygginguna. Þarna hittast Valsarar fyrir leiki eða til að ræða málin.

Gunnar Kristjánsson, umsjónarmaður Fjóssins, segir að breytingarnar hafi tekist einstaklega vel. Það var Kristján Ásgeirsson arkitekt sem hannaði staðinn og á heiðurinn af því hversu vel tókst til. „Fjósið að Hlíðarenda var í upphafi félagsheimili Vals. Því var lokað árið 1987 og félagsheimilið flutt í nýja húsið. Fjósið var í niðurníðslu sem mörgum þótti sárt. Halldór Einarsson í Henson gekk fremstur í flokki í baráttunni um að bjarga húsinu og gera það að fínum klúbbi. Hann barðist fyrir þessu í mörg ár áður en ákveðið var að hefja endurreisn,“ greinir Gunnar frá og bætir við að húsið nýtist á margan hátt.

„Húsið er alveg glænýtt og fallegt. Þarna er afar glæsileg setustofa með arni og Chesterfield húsgögnum. Breskir múrsteinar prýða veggi ásamt glerskápum þar sem saga Vals er sögð. Einnig er fallegur veislusalur í Fjósinu. Í húsinu er hægt að hafa 10-60 manna vinnufundi að degi til en við bjóðum upp á nútíma tækni með allt sem þarf á slíkum fundi. Í veislusalnum getum við boðið upp á borð og stóla fyrir allt að 70 manns. Standandi móttökur gætu verið fyrir allt að 150 manns,“ útskýrir Gunnar.

Fjósið var byggt árið 1916 og nýttist sem fjós og hlaða. Það var vígt sem félagsheimili Vals árið 1948 og var vinsæll staður hjá stuðningsmönnum íþróttafélagsins. Gunnar segir að Fjósið sé við hliðina á kapellunni en það var séra Friðrik sem vígði húsið á sínum tíma. Björn G. Björnsson leikmyndahönnuður sá um uppsetningu á sögu félagsins.

„Frá því að Fjósið var opnað í vor hafa verið haldnar fermingar- og afmælisveislur í húsinu. Einnig hafa þar verið skírnarveislur og ýmsir fundir og ráðstefnur. Við höfum meira að segja verið með tónleika. Það hefur verið sniðugt að tengja saman Friðrikskapellu og Fjósið. Börn sem voru fermd í kapellunni löbbuðu síðan yfir með gesti sína og héldu veislu í glæsilegum salnum,“ segir Gunnar.

„Fjósið er auðvitað fyrst og fremst klúbbhús fyrir Valsmenn, þarna hittumst við fyrir leiki eða til að horfa á leiki í sjónvarpinu. Virkilega flott aðstaða til margs konar nota,“ segir hann. „Við sjáum um veitingar og getum útvegað alls kyns veisluborð. Í Fjósinu er lítið eldhús þar sem hægt er að útbúa smærri veislur. Hægt er að skipta veislusalnum. Einnig er aðgangur að veislueldhúsi í veislusölum Vals. Við hvetjum fólk til að koma og skoða þessa glæsilegu aðstöðu að Hlíðarenda.“

Þeir sem hafa áhuga á að notfæra sér aðstöðuna í Fjósinu geta hringt í Gunnar Kristjánsson í síma 853 8088 eða sent tölvupóst á fjosid@valur.is.

# Fyrsta flokks veislusalir fyrir 30-3.700 gesti

**Knattspyrnufélagið Valur býður upp á fallega veislu- og fundarsali að Hlíðarenda við miðbæ Reykjavíkur. Að auki er Origohöllin, íþróttahús Vals, frábært fyrir stærri viðburði.**



Glæsilega búinn veislusalur í Valsheimilinu að Hlíðarenda í Reykjavík.

Salirnir eru þrír, einn sem tekur 150 manns til borðs, annar sem tekur 80 manns til borðs og sá þriðji sem tekur 40 manns. Mögulegt er að sameina salina í einn stóran sem tekur þá um 300 manns til borðs og um 450 í standandi veislu.

Salina er hægt að sníða að þörfum hvers og eins og eru þeir því tilvaldir fyrir stóra jafnt sem smáa viðburði. Mikil reynsla er af viðburðahaldi og í sölunum er gott hljóðkerfi fyrir tal og tónlist, ásamt stillanlegri lýsingu. Píanó er í stóra salnum og bar til að afgreiða vínveitingar.

Fullbúið veislueldhús er inn af barnum sem hentar bæði sem móttökueldhús og eldhús til að fullelda og undirbúa veislur.

### Origohöllin fyrir stórviðburði

Vert er að benda á íþróttahús Vals, Origohöllina, sem er upplagt fyrir stórtónleika, stórviðburði, stórar veislur og hátíðir.

Staðsetningin er einstök í borginni alveg við miðbæ Reykjavíkur en samt með nægum bílastæðum og mjög auðveldu aðgengi, hvort sem er akandi eða gangandi.

Boðið er upp á heildstæðar lausnir í viðburðahaldi með gæslu, fullkomnu hljóðkerfi, ljósabúnaði og drapperingum um allan salinn. Í salnum er hægt að dekka upp fyrir sitjandi borðhald fyrir allt að 1.100 manns í einu og skapa einstaka stemningu með ljósum, skjávörpum og tónlist.

Á tónleikum eða stórviðburðum tekur höllin allt að 3.700 manns.

Margar af stærstu árshátíðum og veislum landsins hafa verið haldnar í höllinni og mikil reynsla er af fjölbreyttu viðburðahaldi.

## Veisluhöld – Áhaldaleiga

### Stólar, borð og borðbúnaður til leigu

- Búnaður fyrir allt að 2.000 manna
- Hringlaga borð, 6 manna og 10 manna
- Ferköntuð borð, 4 manna
- Sérsniðnir dúkar
- Vandaðir og þægilegir stólar
- Borðbúnaður, diskar, bollar, glös og hnífapör
- Klæði á stóla

### Origohöllin er frábær staður fyrir stórtónleika og hvers kyns stórviðburði eins og:

- Árshátíðir
- Jólahlaðborð
- Brúðkaup
- Fermingarveislur
- Afmælisveislur
- Starfsmannafögnuði
- Erfidrykkjur
- Ráðstefnur
- Námskeið
- Tónleikar o.s.frv.

Fyrir bókanir og fyrirspurnir er hægt að senda tölvupóst á veislur@valur.is og fá nánari upplýsingar um aðstöðuna og verð.

# Hótel Kea – Sérsniðnar heildarlausnir

**Hótel Kea á Akureyri býður upp á fjölbreyttar lausnir þegar kemur að fundar- og ráðstefnuhaldi. Í vöxt færist að fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu velji Hótel Kea til fundarferða og ráðstefna.**

Lausnamiðuð samskipti eru einkunnarorð Hótel Kea á Akureyri þegar kemur að fundar- og ráðstefnuhaldi. Þar hefur verið tekið á móti gestum frá árinu 1944 og því komin á nokkuð víðtæk reynsla af hótelrekstri og veitingahaldi. „Við erum búin að vera í þessu í fjöldamörg ár og höfum því góðan grunn og mikla þekkingu á öllu sem við kemur,“ segir Jón Friðrik Þorgrímsson, veitingastjóri Hótels Kea. Hann segir haustið líta afskaplega vel út og að aukinn þungi færist í bókanir vegna ráðstefnu- og fundarhalda með hverjum deginum.

Á Hótel Kea eru þrír ráðstefnu- og fundarsalir, Vaðlaberg, Stuðlaberg og Hlíðaberg, sem hægt er að sameina í einn stóran sal. Salirnir eru tæknilega vel útbúnir til fundar- og veisluhalda, með aðgengi að skjávörpum, tjaldi, tölvum, ræðupúltum og hljóðnemum. Þá stendur til að endurnýja hljóðkerfið í sölunum í haust. Í stærstu útfærslu taka salirnir 170 manns í sitjandi borðhald og vel yfir þrjú hundruð standandi gesti ef um er að ræða til dæmis móttöku. Jón Friðrik leggur mikla áherslu á það að starfsfólk veitingasviðs leiti allra leiða til að verða við óskum viðskiptavina sinna. „Það eru vart til beiðnir sem við getum ekki leyst til að viðburður gangi vel upp. Við vinnum náið með viðskiptavinum okkar og erum útsjónarsöm og lausnamiðuð. Við sjáum það að fyrirtæki koma hingað ár eftir ár sem hlýtur að gefa til kynna að þau séu ánægð með okkar þjónustu.“

Jón Friðrik segir að á Hótel Kea sé boðið upp á veglegan veislumatseðil fyrir hópa og stærri mannfagnaði en einnig sé tekið á móti séróskum og þá sett saman hlaðborð eða kvöldverður, allt eftir óskum viðskiptavinarins. „Við bjóðum upp á sérsniðna matseðla fyrir hvert tækifæri, hvort sem það er fundur, ráðstefna, árshátíð eða brúðkaup. Þá hafa jólahlaðborðin okkar einnig verið mjög vinsæl meðal stórra og smárra fyrirtækja sem koma árlega til okkar á aðventunni.“



Hótel Kea er vel staðsett í hjarta Akureyrar við rætur Akureyrarkirkju.



Veglegur veislumatseðill í boði. Einnig er orðið við séróskum viðskiptavina.



Hótel Kea býður upp á sérsniðnar lausnir fyrir viðburði stóra sem smáa.

## Unnið fyrir hádegi og svo hópefli

Hótel Kea þjónustar fjölbreyttan kúnnahóp með fundi og ráðstefnur, meðal annars félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir og segir Jón Friðrik að gríðarlega margir fundir séu haldnir hjá þeim árið um kring. „Við erum meðal annars með fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu sem koma árlega og önnur sem koma alltaf annað hvert ár og funda hjá okkur. Þá eru nokkur fyrirtæki sem eru með starfsemi víða um land sem velja að sameinast hér á Akureyri og hittast. Það þykir gott að koma hingað norður til að fá fundarfrið sem kannski gefst ekki eins vel á höfuðborgarsvæðinu.“

Jón Friðrik nefnir einnig að ein helsta ástæða þess að Hótel Kea verði fyrir valinu hjá fyrirtækjum sé sá möguleiki að bóka heildarpakka. „Við erum með góða sali til að funda, við bjóðum upp á gistingu með morgunverði, fjölbreyttar veitingar ásamt Múlabergi sem er einn glæsilegasti bar á Norðurlandi þótt víðar væri leitað. Við finnum það að fyrirtæki eru í vaxandi mæli að sækja í þessa þjónustu, til dæmis með tveimur fundardögum og einni til tveimur gistinóttum. Þá er oft unnið fyrir hádegi, hópefli eftir hádegi og svo kvöldverður og skemmtiatriði um kvöldið.“

Hluti af þjónustu Hótels Kea felur í sér aðstoð við skipulagningu viðburða í heild og Jón Friðrik bendir á að starfsfólk veitingasviðs þekki vel til ferðaþjónustuaðila á svæðinu og geti því veitt ráðleggingar þegar kemur að styttri og lengri ferðum frá hótelinu. „Það er heilmikið sem hægt er að skoða í kringum Akureyri, til dæmis fara á Kaldbak eða til Siglufjarðar, í Bjórböðin eða jafnvel í Kjarnaskóg til útivistar. Hótel Kea er auk þess vel staðsett í hjarta Akureyrar í göngufæri frá Listasafni Akureyrar, Hofi menningarhúsi, Græna hattinum og Sundlaug Akureyrar svo eitthvað sé nefnt. Hótelið og staðsetning þess er tilvalin fyrir allar tegundir viðburða og fyrirtæki bæði stór og smá.“



Jón Fiðrik Þorgrímsson, veitingastjóri Hótels Kea.



Fundarsalir Hótels Kea eru vel búnir.

Nánar má lesa um Hótel Kea á hotelkea.is.

# Áratuga reynsla, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta eru okkar aðalsmerki.

*Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur garðinum þínum.*
*Hafið samband og leitið tilboða.*

## www.garda.is




## okkar þjónusta

- HELLULAGNIR
- HLEÐSLUR
- PALLASMÍÐI
- JARÐVEGSVINNA
- JARÐVINNA
- ÞÖKULAGNIR & PLÖNTUN
- GARÐSLÁTTUR
- BEÐAHREINSUN
- TRJÁKLIPPINGAR
- TRJÁFELLINGAR
- GARÐAÚÐUN & EITRUN
- SNJÓMOKSTUR & HÁLKUEYÐING

## um okkur

Við hjá Garðaþjónustu Íslands tökum að okkur flest öll þau verk sem tengjast lóðaframkvæmdum, garðaumönnun og garðyrkju. Þessi listi er vissulega ekki tæmandi yfir þau verk sem við tökum að okkur.



Hjörleifur Björnsson
S: 844 6547
hjorleifur@garda.is

GARÐAÞJÓNUSTA ÍSLANDS
- alhliða garðaþjónusta

Róbert Bjargarson
S: 866 9767
robert@garda.is

www.garda.is | garda@garda.is | www.garda.is | garda@garda.is

# Flott á eftirlaunum

## Cameron Diaz er 45 ára í dag. Hún lýsti því yfir fyrr á árinu að hún væri hætt að leika, sest í helgan stein á besta aldri.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Cameron Diaz er ein af stórstjörnum kvikmyndaiðnaðarins. Hún komst fyrst í sviðsljósið fyrir leik sinn í The Mask á móti Jim Carrey árið 1994. Svo fylgdi hver stórmyndin á fætur annarri, til dæmis My Best Friend's Wedding (1997), There's Something About Mary (1998), Charlie's Angels (2000), The Sweetest Thing (2002), In Her Shoes (2005), The Holiday (2006), Knight and Day (2010), Bad Teacher (2011) og The Counselor (2013). Hún hefur ekki leikið í kvikmynd frá árinu 2014 en þá komu út þrjár; The Other Woman, Sex Tape og Annie.

**» Í vetur kom upp sá orðrómur að Diaz væri hætt að leika. Leikkonan staðfesti það og tilkynnti að hún væri sest í helgan stein.**

Diaz hefur hlotið fjölmargar tilnefningar á leikferlinum, fyrir Being John Malkovich, Vanilla Sky, Gangs of New York og There's Something About Mary.

Hún hefur lengi verið meðal launahæstu leikkvenna í heiminum og var launahæsta leikkonan yfir fertugu árið 2013.

Hún hefur auk þess að leika einnig leikstýrt, framleitt og skrifað bækur en eftir hana liggja tvær heilsubækur, The Body Book og The Longevity Book.

Í vetur kom upp sá orðrómur að Diaz væri hætt að leika. Leikkonan staðfesti þennan orðróm í vor og tilkynnti að hún væri sest í helgan stein, í það minnsta í bili.

Diaz hefur alltaf heillað áhorfendur, samferðafólk sitt og ljósmyndara upp úr skónum. Hér eru rifjuð upp nokkur augnablik á rauða dreglinum.



Glæsileg í sérsniðnum bláum kjól með skikkju úr smiðju Stellu McCartney árið 2013. Gaddabeltið vakti verðskuldaða athygli. NORDICPHOTOS/GETTY



Ung á uppleið á Golden Globe verðlaunahátíð árið 2003 í kjól úr hátískulínu Chanel. NORDICPHOTOS/GETTY



Á Golden Globe verðlaunahátíðinni árið 2010 klæddist Diaz hárauðum silkikjól frá Alexander McQueen.



Diaz var í appelsínugulum kjól frá Victoriu Beckham í Óskarsverðlaunapartíi Vanity Fair árið 2012.







ÚTSÖLULOK
Algjört verðhrun

| | Verð nú: | Verð áður: |
|---|---|---|
| Toppur | 900 kr. | 3.900 kr. |
| Toppur | 1.900 kr. | 9.900 kr. |
| Bolur | 1.900 kr. | 7.900 kr. |
| Kjóll | 2.900 kr. | 9.900 kr. |
| Pils | 2.900 kr. | 7.900 kr. |
| Kimono | 2.900 kr. | 7.900 kr. |
| Jakki | 3.900 kr. | 13.900 kr. |
| Buxur | 3.900 kr. | 13.900 kr. |

Gerið góð kaup á flottum fatnaði á frábæru verði.

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

Beauty Salon
Snyrtistofa
Sími 555 2056

**20%**
allar snyrtivörur
Comfort Zone / Essie
White to brown / Real techniques
ARTDECO og margt fleira

FAGRIRFINGUR
774 2707 naglastofa

**20%** Gjafabréf
**20%** Handáburður
**20%** Handsápa
**20%** Naglabandsolíur
**15%** Nýjar vörur frá Nordic Collection

ÚTSALA
15-50%
afsláttur af umgjörðum
augastaður

**20%**
af öllum ís
Herdís

Body Zone
Sími 788 1447
**15%** Euro Blinds
Euro Blinds strimlagardínur

HÁRVÖRUR
**20%** af öllu í verslun

BURGERS

# FJÖRÐUR

Vinalega verslunarmiðstöðin í miðbæ Hafnarfjarðar

## HAUST 2018

# Tilboðsdagar

20-70%
af völdum vörum

Nýjar vörur á frábæru verði og góð þjónusta miðvikudag til laugardags

KONA
Allar buxur
**20%**

SKÓHÖLLIN
**20%**
af öllum skóm frá
Tamaris
Jana®

Mind
fyrir konur
**20%**
af öllum vörum

**20%** BIO-GROOM
**10%** nagdýrafóður frá Supreme
**20%** Hunter
MY PET
- FJÖRÐUR -

ÚR & GULL
Firði • Miðbæ Hafnarfjarðar • Sími: 565 4666
Allt að 70%
af völdum vörum
**ÚR:**
Ted Baker / TW Steel
BCBG Maxazria / Diesel
Miss Sixty
**Skart:**
Morellato

Leikfangaland
Tilboðs-borð
20-70%

## Fjölskylduhátíð í Hafnarfirði – Lifandi Thorsplan 1. sept.

· Risa snákaspil
· Mylla
· Markaðsstemning
· Veltibíllinn
· Tilraunastofa sápukúlanna
· Rokkneglur og tatto fyrir börnin
· Og margt fleira

## LIFANDI LAUGARDAGUR

**Sirkus Íslands í Firði frá kl. 12-16:**
· Andlitsmálun
· Blöðrukarlinn

# Skóáhuginn byrjaði snemma

Dagur Kár Jónsson hóf nýlega atvinnumannsferil sinn í Austurríki. Hann hefur safnað íþróttaskóm frá unga aldri og á í dag um 70 pör. Fram undan er spennandi vetur í úrvalsdeildinni í Austurríki.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Körfuboltamaðurinn Dagur Kár Jónsson hefur haft mikinn áhuga á íþróttaskóm frá því hann var ungur drengur og á í dag tæplega 70 pör af skóm. Fyrir stuttu flutti hann til Austurríkis þar sem hann hóf atvinnumannsferilinn með úrvalsdeildarfélaginu Raiffeisen Flyers Wels. Fyrstu dagarnir hafa verið virkilega góðir að hans sögn. Undanfarið hefur verið um 25 stiga hiti og sól í Wels sem er lítill og fallegur 60 þúsund manna bær. „Ég og kærastan mín erum búin að aðlagast fáránlega vel á stuttum tíma. Aðstaðan hér, starfsmenn og umgjörðin í kringum liðið er til fyrirmyndar og æfingar hafa gengið mjög vel. Hér er æft tvisvar á dag og enginn afsláttur gefinn. Ég er virkilega spenntur fyrir vetrinum og held að ég eigi eftir að finna mig vel hérna.“



„Ég er virkilega spenntur fyrir vetrinum og held að ég eigi eftir að finna mig vel hérna,“ segir Dagur Kár Jónsson körfuboltamaður. Hann mun spila í þessum Under Armour Heat Seeker skóm í vetur í Austurríki. MYNDIR/EYÞÓR

## Veskið tæmdist fljótt

Áhugi hans á skóm byrjaði þegar hann hóf að fylgjast með NBA-deildinni. „Þá byrjaði ég að pæla í hvernig skóm menn voru að spila í og ég keypti alla Kobe Bryant skó sem komu út og keppti í þeim. Þeir sem safna skóm eins og ég eru þó flestir mest heillaðir af Jordan Retro skónum.“

Hann segir hafa heillað sig mest hversu erfitt það var í raun að eignast þá skó. „Þessir skór eru margir hverjir settir í sölu í Bandaríkjunum og uppseldir samdægurs. Ég bjó eitt ár í New York og þá var geðveikt fyrir mig að geta farið í Footlocker hvenær sem er og keypt Jordan skó sama dag og þeir komu út. Enda fékk veskið mitt virkilega að finna fyrir því það árið.“

## Jordan skórnir heilla

Skósafn hans samanstendur helst af Jordan Retro skóm en sjálfur er hann hrifnastur af týpunum frá 1 og upp í 14. „Það eru týpurnar sem Jordan notaði á ferli sínum hjá Chicago Bulls. Af þeim eru Jordan 6 og Jordan 11 í miklu uppáhaldi hjá mér en þá fékk ég í Footlocker í New York.“

Honum finnst nauðsynlegt að yfirborga ekki fyrir skó heldur kaupa á hefðbundnu söluverði í verslunum. „Ég keypti Yeezy skó í Húrra Reykjavík sem mér finnst mjög flottir en hefði aldrei borgað 70-80 þúsund fyrir þá í endursölu eins og margir gera.“

Sjálfur er hann á samningi hjá Under Armour og æfir og keppir í skóm frá þeim. „Under Armour er merki sem er á hraðri uppleið eftir að NBA-stjarnan Steph Curry gekk til liðs við þá fyrir nokkrum árum. Á komandi tímabili mun ég keppa í skóm sem heita Heat Seeker og Curry 5.“

## Hversdagslegur stíll

Utan þess að huga vel að skóm segir hann fatastíl sinn vera frekar hversdagslegan. „Oftast klæðist ég gallabuxum og hettupeysu. Það hentar mér einnig mjög vel að aðsniðnar jogging-buxur hafa verið í tísku undanfarið. Þær eru góð leið til að líta vel út og líða þægilega í leiðinni.“

Við aðeins betri tilefni segist hann vinna með skyrtur með kínakraga og flotta jakka við. „Mér finnst alltaf vera tilefni til að ganga í strigaskóm við nánast hvaða alfatnað sem er, þannig er í raun tískan í dag.“

Hann segist ekki eiga neina sérstaka tískufyrirmynd heldur reyna að fara eftir því sem honum finnst flott hverju sinni og vera með sinn eigin stíl. „Ég hef alltaf hugsað um að vera flott klæddur og ég held að með tilkomu samfélagsmiðla hafi tískuáhugi hjá ungu fólki aukist gríðarlega.“

Fylgjast má með ævintýrum Dags í Austurríki á Instagram-síðu hans (@dagurkar).



Jordan Retro 11 Carolina og Jordan Retro 11 Closing Ceremony.

> Mér finnst alltaf vera tilefni til að ganga í strigaskóm við nánast hvaða alfatnað sem er.
>
> Dagur Kár Jónsson



Jordan retro 6 Maroon og Yeezy boost 350 Zebra

## Spurt og svarað:

***Hvar kaupir þú helst föt?***
**Í Húrra Reykjavík, Zöru og Footlocker.**

***Hvaða litir eru í uppáhaldi hjá þér?***
**Svartur, hvítur, dökkblár og dökkgrænn. Annars er ekkert heilagt hjá mér þegar kemur að litavali, bara að fötin fari mér vel.**

***Eyðir þú miklu í föt?***
**Nei. Mér finnst allt of mikil pressa á ungu fólki í dag að ganga í lúxus-vörumerkjum sem eiga að skilgreina það á einhvern hátt. Ég reyni að halda þessu í skynsamlegu hófi.**

***Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn?***
**Fyrsta sem mér dettur í hug eru Jordan Retro 1, sem voru fyrstu skórnir í safnið.**

***Áttu minningar um gömul tískuslys?***
**Á yngri árum mínum kepptist ég við að kaupa stuttbuxur í 2XL, til að líta út eins og NBA-kapparnir. Það fór 40 kílóa polla ekkert alltof vel.**

***Hvaða skókaup eru fram undan?***
**Vonandi finnur maður einhverjar gersemar í skóbúðum Austurríkis.**

***Hvernig fylgist þú með skótískunni og annarri tísku?***
**Instagram er í raun eini samfélagsmiðillinn sem ég nota af einhverju viti. Þar finnur maður allt tengt tísku og skóm.**

***Áttu eina uppáhaldsflík?***
**North Face jakkinn sem kærastan mín gaf mér er búinn að vera í miklu uppáhaldi í rigningunni í sumar. Ég á þrenn pör af Jordan Retro 11 sem ég get eiginlega ekki gert upp á milli en þau eru uppáhalds skóparið mín.**

***Notar þú fylgihluti?***
**Ég er alltaf með „Lífið er núna“ armbandið frá KRAFTI sem er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem hefur greinst með krabbamein.**



# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

BÍLAHÖLLIN HF
BÍLASALA
BÍLDSHÖFÐA 5
www.bilahollin.is



RENAULT Trafic langur. Árgerð 2017, ekinn 42 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Webasto miðstöð Klæddur að innan Verð 2.990.000. TILBOÐSVERÐ m/ VSK Ásett verð 3.490.000.- Rnr.152306.



LAND ROVER Discovery sport black line. Árgerð 2017, ekinn 10 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar. Verð 6.990.000. Rnr.289919.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Viðgerðir

VAKA
VIÐ ERUM GERÐIR FYRIR VIÐGERÐIR!
VERKSTÆÐI, ÞAR SEM HLUTIRNIR GERAST HRATT OG ÖRUGGLEGA!



Sími: 567 6700 | vakahf.is



## VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

HANDAFL
STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000
info@handafl.is | **handafl.is**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Bílvogur eh/f
Bifreiðaverkstæði
Auðbrekka 17
200 Kópavogi
Láttu okkur gera bílinn kláran fyrir veturinn.
Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.
Simi 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

Gvendarbás



RAFVIRKI
ALHLIÐA RAFLAGNIR
SÍMI: 853 1199
gvendarbas@simnet.is

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**
**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða**
**www.reisum.is**

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið



S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

*Snyrti & nuddstofan Smart*
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

HÖFÐABÓN
**BÓN OG ÞVOTTUR**
Hægt að panta tíma á hofdabon.is
Höfðabón ehf • Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

## Bátar


MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR




Léttir
Fyrirferðalitlir
Hljóðlátir

Kraftmiklir
Sparneytnir
3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is


# Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta


**Háþrýstiþvottur & Sandblástur**
Alhreinsun/strípun á t.d. stein,múr, stáli osfrv.
Mikil reynsla - öflug tæki.
**S: 860-2130**

Tækjaleiga




Allt hjá okkur

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
Draghálsi 4 - Sími: 535 1300
verslun@verslun.is


# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinnuhúsnæði

**SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU Í MIÐBORGINNI.**
Skrifstofurnar eru í næsta nágrenni við Hlemm á annarri hæð í lyftuhúsi. Um er að ræða tvær 12 m2 skrifstofur hlið við hlið, sem geta leigst saman eða sitt í hvoru lagi. Önnur skrifstofan er útbúin sólarfilmum í gluggum og öryggiskerfi. Aðgangur er að sameiginlegri kaffistofu, 8 manna fundaherbergi og snyrtingum. Innifalið er: Hússjóður, þrif á sameign og lyftu, rafmagn og hiti. Leigan ber ekki virðisaukaskatt.

Áhugasamir sendi inn upplýsingar um starfsemi og væntingar til leigutíma á vidhlemm@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

**AÐSTOÐAMAÐUR BAKARA ÓSKAST**
Óskast í bakarí í Breiðholti íslensku kunnátta skilyrði
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7:30 -15:00.
Og annanhvern laugardag. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

Work! Need person with some experience to work on house, concrete and more. Information: 6185286, Þórður.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

# Atvinnuauglýsingar | Job.is

### Sérfræðingur á kjarasviði

capacent

SFR óskar eftir að ráða sérfræðing á kjara- og félagssvið.

Leitað er að öflugum og framsæknum einstaklingi sem hefur áhuga á kjara- og réttindamálum launafólks.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. september.**
Upplýsingar og umsókn á capacent.is/s/7055

### Viltu vinna með okkur? - Stjórnandi í Grafarvogslaug

capacent

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir öflugum stjórnanda í Grafarvogslaug.

Um er að ræða 100% starf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til 3. september**
Upplýsingar og umsókn á capacent.is/s/7022

### Kvikmyndamiðstöð Íslands - Kvikmyndaráðgjafar

Kvikmyndaráðgjafar leggja listrænt mat á umsóknir sem berast til Kvikmyndamiðstöðvar um styrki úr Kvikmyndasjóði, jafnt fyrir leikið efni og heimildamyndir.

Upplýsingar veita; Rannveig J. Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is og Inga Steinunn Arnardóttir, inga@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á: www.hagvangur.is.**
Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk.

### Kvikna - Tækifærið þitt, viltu vaxa með okkur?

intellecta

Kvikna leitar að sérfræðingum í tvö fjölbreytt og spennandi störf.

Í boði eru áhugaverð tækifæri fyrir árangursdrifna einstaklinga sem langar að starfa hjá vaxandi fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi.

Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511-1225.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. september 2018.**
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

### Verkefnastjóri á sviði verklegra framkvæmda

capacent

Eik fasteignafélag leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf verkefnastjóra á sviði verklegra framkvæmda.

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir, audur.bjarnadottir@capacent.is og Hilmar G. Hjaltason, hilmar.hjaltason@capacent.is hjá Capacent Ráðningum.

**Umsóknarfrestur er til 10. september**
Upplýsingar og umsókn á capacent.is

### Kvikmyndamiðstöð Íslands - Skrifstofustarf

Kvikmyndamiðstöð Íslands leitar að starfsmanni í fullt starf í lifandi alþjóðlegu umhverfi. Leitað er að ábyrgum, skipulögðum og lausnamiðuðum einstaklingi sem getur unnið jafnt sjálfstætt sem og með öðru fólki.

Upplýsingar veita; Rannveig J. Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is og Inga Steinunn Arnardóttir, inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á: www.hagvangur.is.
**Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk.**

### Aðalhagfræðingur Samkeppniseftirlitsins

intellecta

Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir umsóknum í starf aðalhagfræðings.

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins (pall@samkeppni.is) í síma 585-0700.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2018.**
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

### Hagfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu

intellecta

Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir umsóknum í starf hagfræðings.

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins (pall@samkeppni.is) í síma 585-0700.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2018.**
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

**Sjá nánar á job.is**

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426


EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Heilsárshús í Skorradal**
**Fitjahlíð 6**

OPIÐ HÚS







**Opið hús**
**fimmtudaginn 30. sept.**
**milli 16:00 og 17:00.**

Vorum að fá í sölu glæsilegt nýlegt heilsárshús við Fitjahlíð í Skorradal teiknað af Sigurði Hallgrímssyni hjá ARK Þing. Húsið er 99,8 fm að stærð. Að auki er skráð 23,8 fm bátaskýli sem hefur verið rifið og á eftir að endurbyggja. Stofa og þrjú rúmgóð svefnherbergi. Húsið stendur fyrir neðan götu að vatni. Timburverönd er við húsið á ásamt heitum potti.

**Nánari uppl. veitir: Guðlaugur I. Guðlaugsson lg. fasteignasali s. 864-5464 gudlaugur@eignamidlun.is**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
BÍLHÁTALARAR MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

## LOKADAGAR-LOKADAGAR

HRÆRIVÉLAR
KAFFIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
VÖFFLUJÁRN BLANDARAR ÞVOTTAVÉLAR
RYKSUGUR STRAUJÁRN ÞURRKARAR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
**65" LG sjónvörp frá 139.995**
**Þvottavélar frá 29.995**
**Philips sjónvörp með allt að 200.000 kr afslætti**
**Matvinnsluvélar með allt að 50% afslætti**
**55" sjónvörp frá 49.995**
**Whirlpool ofnar með allt að 50% afslætti**
**Sous Vide tæki frá 9.995**
**Spansuðu helluborð frá 26.995**
**LG tvöfaldir stál kæliskápar frá 149.995**
**Philips heyrnartól með allt að 60% afslætti**

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

*Opið alla helgina!*

**OPIÐ!**

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT VIRKA DAGA
FRÁ 10-18, LAUGARDAGA 11-16
OG SUNNUDAG 13-17.

**Heimilistæki**
www.ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

LG CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON BEKO scan domestic wilfa
Melissa Ariete elna VESTFROST iRobot MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO OBH NORDICA

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Um hádegi verður farið að rigna sunnan- og vestanlands og getur verið allhvasst á vestanverðu landinu í kvöld. Þurrt verður norðaustanlands og hiti getur náð 16 stigum þegar best lætur.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 7° | 10° |
| ↑11 | ↑7 | ↗4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 10° | 10° | 4° |
| ↑11 | ↗7 | ↑11 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 7° | 9° |
| ↗12 | ↑8 | ↗12 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 7° | 2° |
| ↑14 | ↗9 | ↑15 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 7 | 2 | | | | 6 | |
| | | 4 | | | 6 | 7 | | 5 |
| | 9 | | | 3 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |
| 4 | 6 | | | | | 3 | 8 | |
| 2 | | | 4 | | | 9 | | |
| 7 | 5 | | 1 | 9 | 2 | 8 | | |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | | | 8 | 7 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | 6 | | 3 |
| | 1 | | 8 | | 6 | | | 4 |
| 8 | | 7 | | 3 | | | | |
| | 4 | 2 | | | 7 | | | 6 |
| 1 | 3 | | | | 9 | 2 | | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| | | 1 | | | | 8 | | |
| 6 | 9 | | | 2 | 8 | | 3 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | 6 | | |
| | 3 | 6 | | | 8 | | | 2 |
| | | 9 | | | | | | 5 |
| | | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | 8 | | | 2 | 9 | | |
| | | 7 | 3 | | | | 6 | |
| 4 | | | 7 | | 5 | | 1 | |
| | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | 8 | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. mælieining
5. bergmála
6. átt
8. úlfabaunir
10. ekki
11. poka
12. gangeyrir
13. málmur
15. hryggleysingjar
17. fangi

**LÓÐRÉTT**
1. sameind
2. fugl
3. ósigur
4. út
7. þjappari
9. álíta
12. karl
14. stígandi
16. rún

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** metri, **5.** óma, **6.** nv, **8.** lúpína, **10.** ei, **11.** mal, **12.** mynt, **13.** úran, **15.** lindýr, **17.** snari.
**LÓÐRÉTT: 1.** mólekúl, **2.** emúi, **3.** tap, **4.** innan, **7.** valtari, **9.** ímynda, **12.** mann, **14.** ris, **16.** ýr.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**

Nenaschev átti leik gegn Muchametow í Novosíbírsk árið 1989.



**1. Dg5+! fxg5 2. Hxa6# 1-0.** Nepomniachtchi sigraði á Dortmund-mótinu sem lauk í fyrradag. Þá hófst einnig ofurmót í Biel með þátttöku Carlsen og Mamedyarov. 10 Íslendingar að tafli erlendis.
**www.skak.is:** Íslendingar erlendis.


akvafuture

# Laxeldi í lokuðum sjókvíum í Ísafjarðardjúpi

## Tillaga að matsáætlun fyrir allt að 6.000 tonna framleiðslu

AkvaFuture ehf kynnir tillögu að matsáætlun um framleiðslu á laxi í lokuðum sjókvíum í fjórum innfjörðum í Ísafjarðardjúpi. Kynningin er samkvæmt reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.
Umfang umhverfismats miðar við allt að 6.000 tonna hámarks framleiðslu á einu ári. Meginmarkmið er að framkvæmdin verði sjálfbær og rekstur taki mið af umhverfisvöktun.

Almenningi er gefinn kostur á að kynna sér drögin á vefsíðunni www.akvafuture.is og gera athugasemdir við þau til og með 17. september 2018.

Umsagnir og athugasemdir sendist á netfangið rg@akvafuture.is eða í pósti:

**AkvaFuture ehf.**
**Glerárgötu 36**
**600 Akureyri**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Allt fyrir berjatínsluna og sultugerð

## Mikið úrval, gæði og gott verð




VERÐ FRÁ
**1.795.-**

### Ávaxta og grænmetiskassar

- **A** Lítill trékassi hægt að stafla 39 x 30 x 19 cm............1.795.-
  Stór trékassi hægt að stafla 60 x 40 x 19 cm............2.595.-
- **B** Trékassi Lítill með skúffu 40 x 48 x 40 cm ................5.495.-
  Trékassi stór með skúffu 60 x 47 x 49 cm.................8.995.-
- **C** Trékassar 3 stk.........................................................7.495.-



VERÐ FRÁ
**245.-**

### Fylgihlutir fyrir Sultukrukkur

- A Hlífðarkantur á sultukrukkur ................................................ 245.-
- B Merkimiðar 96 stk. í pakka.................................................... 295.-
- C Borðar á krukkur 5 gerðir í pakka........................................ 395.-
- D Rauð og hvít súra 15 m. ...................................................... 445.-



VERÐ FRÁ
**845.-**

### Sultukrukkur með skrúfuloki

- A 150 ml. 8 stk. í pakka.........................................................945.-
- B 200 ml. 6 stk. í pakka..........................................................845.-



VERÐ FRÁ
**1.795.-**

### Sultukrukkur með patentloki

Sultukrukkur með patenlok, tilvaldar fyrir sultur, grauta, ber eða hvað sem er.

- A 90 ml. 12 stk. í pakka...................................................... 1.995.-
- B 150 ml. 8 stk í pakka......................................................1.795.-
- C 230 ml. 6 stk. í pakka......................................................1.795.-

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Toyota ætlar að þrefalda söluna í Kína

Hagstæðara umhverfi í Kína og fyrirhugaðir tollar á innflutta bíla frá BNA beinir sjónum Toyota að Kínamarkaði.



Toyota-bíll settur saman í Kína en Toyota ætlar bæði að stækka verksmiðjur sínar í Kína og reisa fleiri í þeim ásetningi sínum að þrefalda söluna.

Toyota hefur ekki verið með stærri bílasölum í Kína þrátt fyrir nálægðina og þá staðreynd að Toyota er næststærsti bílaframleiðandi heims. Þessu ætlar Toyota að breyta og hefur sett upp áætlun að þrefalda sölu sína þar fyrir árið 2030 á þessum stærsta bílamarkaði heims sem Kína er. Toyota seldi 1,3 milljónir bíla í Kína á síðasta ári en bæði Volkswagen og General Motors seldi hvort sínar 4 milljónir bíla í Kína. Auk þess hafa margir heimaframleiðendur aukið sölu sína mikið undanfarið, svo sem Geely sem er nú þriðji stærsti bílasali í Kína og fór á síðasta ári fram úr öllum japönsku bílaframleiðendunum. Toyota er með verksmiðjur í Kína og getur framleitt þar 1,16 milljónir bíla á ári en hluti sölunnar í Kína er innfluttur frá Japan.

**Fleiri og stærri verksmiðjur**

Toyota ætlar að vera komið í 2 milljón bíla sölu í Kína strax árið 2020 og í 3,5 milljónir áratug síðar og við það miðast plön Toyota. Í því markmiði felst meðal annars að auka framleiðsluna í verksmiðju Toyota í Tianjin í 120.000 bíla, en þar verða aðallega framleiddir Plug-In-Hybrid bílar og rafmagnsbílar. Fjárfestingin mun kosta 28 milljarða króna. Toyota ætlar líka að byggja nýja verksmiðju í Guangzhou og þar verður hægt að framleiða 200.000 bíla á ári.

**TOYOTA ÆTLAR AÐ VERA KOMIÐ Í 2 MILLJÓN BÍLA SÖLU Í KÍNA STRAX ÁRIÐ 2020 OG Í 3,5 MILLJÓNIR ÁRATUG SÍÐAR OG VIÐ ÞAÐ MIÐAST PLÖN TOYOTA.**

**Betri aðgangur að Kínamarkaði**

Eitt af því sem fær Toyota til slíkrar stórsóknar á kínverska markaðnum er lækkun tolla úr 25% í 15% á innfluttum bílum sem seldir eru í Kína en þessi breyting gekk í gegn fyrir rúmum mánuði síðan. Enn fremur hafa kínversk stjórnvöld afnumið bann við erlendu sameiginlegu eignarhaldi á bílaverksmiðjum með innlendum bílaframleiðendum og ætlar Toyota til dæmis að auka samstarfið við Guangzhou Automobile Group.

Það gæti líka eitthvað átt hluta í þessari sókn Toyota á kínverska markaðinn að Donald Trump ætlar að leggja 25% skatt á erlenda bíla í Bandaríkjunum, en þar hefur Toyota gengið ákaflega vel á síðustu árum. Toyota seldi 2,4 milljónir bíla í Bandaríkjunum á síðasta ári, helmingi meira en Toyota seldi í Kína í fyrra.

# Vespa hefur framleiðslu rafmagnsskutla

Ítalski létthjólaframleiðandinn Vespa mun hefja sölu á létthjólum drifnum áfram af rafmagni í október næstkomandi. Um er að ræða hjól sem bæði eru eingöngu drifin áfram af rafmagni og rafmagni og brunavél. Vespa hefur ekki enn þá látið uppi verð hjólanna en heimildir herma að það verði nálægt 700.000 krónum. Þessa línu rafmagnshjóla hafa þeir hjá Vespa ákveðið að nefna Elettrica. Verða þau útbúin smartphone símatengingu og verða með 4,3 tommu litaskjá í mælaborðinu. Þar má sjá hve mikið er eftir á rafhlöðunum, hraðamæli, GPS-upplýsingar og innkomandi hringingar, en svara má í símann með til þess gerðum takka á stýri hjólanna.

**VESPA HEFUR EKKI ENNÞÁ LÁTIÐ UPPI VERÐ HJÓLANNA EN HEIMILDIR HERMA AÐ ÞAÐ VERÐI NÁLÆGT 700.000 KRÓNUM.**

**Tæknilega vel búin**

Hægt er með hljóðskipunum að hringja úr símanum eða stjórna tónlistarflutningi. Þá verður hægt að fá hjálm frá Vespa með innbyggðum heyrnartólum og Bluetooth tengingu. Þessi hjól eru því einkar vel tæknilega búin og með tækni þeirra er gætt fullkomins öryggis við akstur þeirra. Framljósin á hjólunum eru af LED-gerð. Afl rafhlaða hjólanna er tvö kílóvött en það má þó auka í fjögur kW í stutta stund og ætti þá aflið að vera yfrið. Drægni hjólanna er um 100 kílómetrar og það tekur um 4 klukkustundir að fullhlaða þau aftur. Akstursstillingar eru aðeins tvær, Eco og Power. Vespa hjólið með rafmótor og brunavél er með minni drægni eingöngu á rafmagninu, eða 50 kílómetra, en að sjálfsögðu meiri heildardrægni.


**Rafmagnsknúna Vespan er jafn fríð og fyrri framleiðsla.**



Hennessey Venom F5 og ofurvélin sem í honum er var til sýnis á Pebble Beach.

# Hennessey sýndi 1.600 hestafla Venom F5

Með Venom F5 bílnum ætlar Hennessey að gera atlögu að vegtyllunni hraðskreiðasti fjöldaframleiddi bíll heims og slá við Bugatti Chiron.

Bandaríska breytingafyrirtækið Hennessey, sem gætt hefur margan Ford-bílinn ofurafli, kynnti á Pebble Beach bílasýningunni um daginn Venom F5 bíl sinn. Hann verður knúinn 7,6 lítra V8 vél með tveimur forþjöppum sem skila mun hestaflatölu eitthvað norðan við 1.600 hestöflin. Vél þessi mun geta snúist 7.200 snúninga á mínútu og vinnur undir 24 psi pressu. Fullu togi er náð við aðeins 1.300 snúninga sem viðhelst að 4.400 snúningum. Blokk vélarinnar er úr áli sem léttir bílinn sem þessi ofurvél mun sitja í. Það er Venom F5 sem aðeins verður framleiddur í 24 eintökum og nú þegar er búið að panta 15 þeirra. Hvert eintak Venom F5 kostar 1,6 milljónir dollara, eða um 170 milljónir króna.

Hennessey er ekkert að fela það að með Venom F5 bílnum ætli fyrirtækið að gera atlögu að vegtyllunni hraðskreiðasti fjöldaframleiddi bíll heims. Venom F5 á að ná yfir 480 km hraða en núverandi met Bugatti Chiron stendur í 420 km/klst. og ef það tekst verður Bugatti Chiron nánast að letingja í samanburðinum. Áframhaldandi hraðastríð milli Bandaríkjanna og Evrópu stendur því enn yfir.

# nettó GLÆSILEGT ÚRVAL Í NETTÓ!

VALIÐ ÍSLENSKT GRÆNMETI
Á 30% AFSLÆTTI



-30%



-50%

Verðsprengja!!!

**KALKÚNALEGGIR**
LAUSFRYSTIR
**499 KR KG** ÍSFUGL
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~



-40%

**KALKÚNASNEIÐAR**
SUÐRÆNAR
**1.679 KR KG** ÍSFUGL
ÁÐUR: ~~2.798 KR/KG~~



-30%

**KJÚKLINGABRINGUR**
Í GRILLMARINERINGU
**1.889 KR KG** ÍSFUGL
ÁÐUR: ~~2.698 KR/KG~~



-30%

**LAMBALÆRI**
ÚRBEINAÐ MEÐ PIPAROSTI
**1.999 KR KG** KJARNAFÆÐI
ÁÐUR: ~~2.855 KR/KG~~



-40%

**NAUTAHRYGGVÖÐVI**
STRIPLOIN
**2.999 KR KG**
ÁÐUR: ~~4.998 KR/KG~~



-25%

**NAUTA MÍNÚTUSTEIK**
FERSKT
**2.849 KR KG**
ÁÐUR: ~~3.798 KR/KG~~



-50%

**BAYONNE SKINKA**
**998 KR KG** KJÖTSEL
ÁÐUR: ~~1.995 KR/KG~~

VÍTAMÍN -OG BÆTIEFNADAGAR HJÁ NETTÓ!




-25%

nettó Á NETINU
www.netto.is

**Tilboðin gilda 30. ágúst - 2. september 2018 www.netto.is**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

# Ólíkar myndir af Kristi

**Sverrir Jakobsson rekur í nýrri bók hvernig sýn manna á Krist hefur þróast. Byrjar söguna eftir lát Krists og henni lýkur um 800 þegar viss klofningur varð á milli vestrænnar og grískrar kristni.**

Kristur – Saga hugmyndar er bók eftir Sverri Jakobsson, prófessor í miðaldasögu við Háskóla Íslands. Hið íslenska bókmenntafélag gefur bókina út.

„Í sjálfu sér þarf ekki að rökstyðja að maður hafi áhuga á Kristi. Hann er svo mikill hluti af menningu vestrænna þjóða og ein allra mikilvægasta persónan í mannkynssögunni. Það er svo annað mál af hverju ég vildi skrifa einmitt þessa bók,“ segir Sverrir. „Mér fannst vanta sagnfræðilega umfjöllun um Krist. Þekking á kristni og af hverju hún er eins og hún er fer versnandi í samfélagi okkar. Ég var að leita að bók sem segði mér frá því hvernig sýn manna á Krist hefði þróast í sögulegu samhengi og fann ekki, þannig að ég ákvað að skrifa hana sjálfur.“

### Sjónarmið Páls postula

Bók Sverris er þróunarsaga hugmyndarinnar um Krist. „Ég byrja söguna eftir lát Krists og þá eru þrír meginstraumar í því hvernig menn segja frá honum. Einn er sá sem Páll postuli stendur fyrir. Páll hafði eiginlega ekki áhuga á Kristi fyrr en hann var dáinn, risinn upp og hafði sigrast á dauðanum. Í bréfum Páls kemur þessi sýn mjög skýrt fram. Páll þekkti ekki Krist en sá hann í sýn eftir dauða hans. Önnur mynd birtist í Markúsarguðspjalli og gengur í gegnum guðspjöllin og þar er áherslan á kraftaverkin og þá staðreynd að Jesús sé Messías, en þær hugmyndir eiga sér forsendur í Gamla testamentinu og gömlum hugmyndum gyðinga. Þriðja hugmyndin er sú sem finnst í Ræðuheimildinni, en þar var að finna ýmis ummæli sem höfð voru eftir Kristi. Þetta er rit sem er glatað en flestir fræðimenn eru vissir um að það hafi verið til. Allar þessar þrjár gerðir heimilda eru staðsettar í heimi gyðinga og innan gyðingasiðar og þar eru einhverjar frásagnir sameiginlegar en samt ekki ýkja margar.

Sumir af áhangendum Krists vildu boða kristinn sið víðar og til annarra, eins og til dæmis Páll postuli. Meirihlutaskoðunin var samt sú að halda ætti Jesú og boðskap hans innan gyðingasiðar. Sjónarmið Páls hefur betur, aðallega vegna þess að ríki gyðinga leið undir lok og þá lifir kristni af sem trúarbrögð sem höfða til annarra en gyðinga. Um leið breytist kristnin nokkuð, því siðir úr hellenskum trúarbrögðum koma inn í hana og um leið verður Jesús guð.“

### Maður og guð

Lýsingar á því hvernig Kristur varð guð eru fleiri en ein. „Ein er sú, sem við sjáum til dæmis í Postulasögunni og fleiri ritum, þar sem Kristur er tekinn upp til himna eftir að hafa verið maður alla ævi. Önnur hugmynd birtist í Jóhannesarguðspjalli þar sem Kristur var guð allan tímann og eldri en maðurinn. Það skapar alls konar vandamál, hvernig getur vera sem er til í upphafi með Guði orðið skyndilega maður?

Á þessum tíma er ekki til nein guðfræði. Hún varð til seinna til að taka á öllum þeim vandamálum sem hinar ólíku myndir af Jesú sköpuðu fyrir kristna menn. Meginstraumur kristinna manna vildi bæði halda í manninn og guðinn á sama tíma.“

### Ný trúarjátning

Í bók sinni rekur Sverrir hvernig guðfræðin þróaðist og fjallar einnig um kirkjuþingin. „Innan kristni á þriðju öld eru margar ólíkar hugmyndir en ekkert sem heitir rétttrúnaður því enginn hafði valdið til að segja öðrum hverju þeir ættu að trúa. Biskupinn í Róm, sem þá hét ekki páfi, hafði ekki þá stöðu né neinn annar leiðtogi kristinna manna.

Í byrjun fjórðu aldar fóru Rómarkeisarar að styðja kristni og efla hana. Þá voru kirkjuþingin haldin og í kjölfarið verður til eitthvað sem heitir kristinn rétttrúnaður. Mörg hugtök þar voru frekar nýleg eins og að allir hlutar þrenningarinnar hafi sameiginlegt eðli. Kristnin eins og hún þróast tekur líka úr sér strauma úr ýmsum afbrigðum eldri kristni.

